

Skólanámskrá
Fjölbrautaskóla Vesturlands
Almennur hluti og námsbrautir

13. útgáfa 2013

Efnisyfirlit

Formálar	5
1. hluti: Starfshættir	9
▪ Fjölbrautaskóli Vesturlands	11
▪ Hlutverk framhaldsskóla	11
▪ Markmið Fjölbrautaskóla Vesturlands	11
▪ Heilbrigði og velferð	12
▪ Jafnrétti	12
▪ Öryggismál	13
▪ Áföll og áfallateymi	13
▪ Sjálfsmat	13
▪ Samskipta- og skólareglur	14
▪ Skólareglur	14
▪ Réttur kennara til að halda vinnufrið í kennslustundum	14
▪ Kvartanir nemenda	15
▪ Um skólasókn	15
▪ Reglur um niðurfellingu fjarvista af öðrum ástæðum en veikindum	16
▪ Reglur um frávik frá skólasóknarreglu	16
▪ Skráning og meðferð upplýsinga	17
▪ Aðgangur nemenda og forráðamanna þeirra að upplýsingum	17
▪ Um nám og námsframvindu	17
▪ Helstu námskröfur við Fjölbrautaskóla Vesturlands	17
▪ Fjarnám	18
▪ Undanfarabrot	18
▪ Árekstrarheimild	19
▪ Undanþágur frá einstökum námsgreinum eða áföngum	19
▪ Nemendur sem eiga annað móðurmál en íslensku eða hafa gengið í skóla utan Norðurlanda	19
▪ Um setu nemenda í áföngum sem þeir hafa þegar staðist	19
▪ Meðferð heimilda	19
▪ Námsmat og próf	20
▪ Verkefni og verkefnaskil	20
▪ Prófreglur	20
▪ Frávik frá prófreglum	20
▪ Námsmat	21
▪ Prófsýning	21
▪ Endurtektarpróf	21
▪ Mat á ýmislegu námi og störfum	22
▪ Mat á námi úr öðrum framhaldsskólum	22
▪ Mat á ýmsum námskeiðum, óformlegu námi og starfsreynslu	22
▪ Mat á námi við tónlistarskóla	22
▪ Mat á þjálfun hjá íþróttafélagi	23
▪ Mat á þátttöku í félagsstörfum á vegum nemendafélags	23
▪ Þjónusta við nemendur með sértæka námserfiðleika	23
▪ Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku	23
▪ Reglur heimavistarbúa	24
▪ Inntökuskilyrði á námsbrautir og í áfanga	25
▪ Starfstengdar námsbrautir	25
▪ Bóknámsbrautir til stúdentsprófs	25
▪ Listnámsbraut	26
▪ Almenn námsbraut	26
▪ Inntökuskilyrði í áfanga	26

2. hluti: Námsbrautir	27
• Almenn námsbraut	29
▪ Almenn námsbraut - undirbúningsnám	30
▪ Almenn námsbraut - heilbrigðisnám	31
▪ Almenn námsbraut - tækninám	32
▪ Almenn námsbraut - viðskiptanám	33
▪ Almenn námsbraut - fornám	34
• Iðn- og verknámsbrautir - almennt um verknám, inntökuskilyrði o.fl.	35
▪ Málmíðngreinar	
▪ Grunnám málmíðngreina (MG - 80 ein.)	36
▪ Vélstjóranám 1. stigs (VV1 - 17 ein.)	37
▪ Vélvirkjun - iðnnám á verknámsbraut (VS8 - 120 ein. þ.e. 40 ein. eftir MG.)	38
▪ Rafiðngreinar	
▪ Grunnám rafiðna (GR - 80 ein.)	39
▪ Rafvirkjun - iðnnám á verknámsbraut (RK8 - 164 ein. þ.e. 84 ein. eftir GR, þar af 24 ein. starfsþjálfun.)	40
▪ Rafvirkjun - samningsbundið iðnnám (RK9 - 163 ein. þ.e. 83 ein. eftir GR, þar af 48 ein. starfsþjálfun.)	41
▪ Tréiðngreinar	
▪ Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM - 22 ein.)	42
▪ Húsasmiði - iðnnám á verknámsbraut (HÚ8 - 172 ein. þ.e. 150 ein. eftir GBM, þar af 72 ein. starfsþjálfun.)	43
Starfstengdar námsbrautir aðrar en iðn- og verknámsbrautir - almennt um starfsnám, inntökuskilyrði o.fl.	44
▪ Sjúkraliðabraut (SJ - 120 ein.)	45
▪ Tölvufræðibraut (TFB - 108 ein.)	46
▪ Viðskiptabraut (VI - 70 ein.)	47
Listnámsbraut (LN - 105 ein.)	48
Starfsbraut (ST1 og ST3)	49
Bóknámsbrautir til stúdentsprófs - inntökuskilyrði o.fl.	51
▪ Félagsfræðabraut (FÉ - 140 ein.)	52
▪ Málabraut (MB - 140 ein.)	53
▪ Tillaga um framtíðarskipan náms á málabraut (MB - 140 ein.)	54
▪ Náttúrufræðibraut (NÁ - 140 ein.)	55
Viðbótarnám til stúdentsprófs eftir starfs- eða listnám (VSS - fjöldi eininga breytilegur eftir tegundum starfs- og listnáms)	56
▪ Tæknistúdentspróf fyrir nemendur sem hafa lokið þriggja til fjögurra ára starfsnámi	56
▪ Viðbótarnám til stúdentsprófs (VSS) fyrir nemendur sem hafa lokið þriggja til fjögurra ára starfsnámi	56
▪ Viðbótarnám til stúdentsprófs (VSS) fyrir nemendur sem lokið hafa tveggja til þriggja ára starfsnámi	57
▪ Nám til stúdentsprófs fyrir nemendur sem lokið hafa starfsnámi sem er styttra en 2 ár	57
Kennsla á einstökum brautum er háð því að nægilega margir nemendur séu innritaðir á þær og sum ár kann kennsla á einhverjum námsbrautum sem hér er lýst að falla niður. Einnig kemur til greina að bjóða nám á öðrum brautum en hér er lýst ef nægilega margir nemendur hyggjast stunda það. Nemendum sem hyggja á nám á fámennum eða mjög sérhæfðum námsbrautum (svo sem iðn- og verknámsbrautum, listnámsbraut og sjúkraliðabraut) er bent á að hafa samband við skólastjórnendur eða námsráðgjafa til að fá upplýsingar um hvort og þá hvenær sérgreinar brautarinnar verða í boði.	
Viðaukar	59
Viðauki 1: Listi yfir þriggja til fjögurra ára og tveggja til þriggja ára list- og starfsmenntabrautir	61
Viðauki 2: Um meðferð heimilda	63

Formálar

Formáli 13. útgáfu

Á skólaárinu 2012 til 2013 var unnið að endurskoðun á ýmsum þáttum skólanámskrárinnar. Í framhaldi af því hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar á skólanámskrá Fjölbrautaskóla Vesturlands:

- Jafnréttisstefna skólans var endurskoðuð.
- Stefna skólans varðandi heilbrigði og velferð var endurskoðuð.
- Leiðbeiningum um meðferð heimilda var bætt inn í námskrána sem viðauka.
- Prófgreglu númer 2 var breytt.
- Kafla um öryggismál var bætt inn í námskrána.
- Kafla um áföll og áfallateymi var bætt inn í námskrána.
- Skólasóknarreglur voru endurskoðaðar og þeim breytt.

Í júní 2013, Jens B. Baldursson aðstoðarskólameistari

Formáli 12. útgáfu

Eftirfarandi breytingar hafa orðið á skólanámskrá Fjölbrautaskóla Vesturlands á skólaárinu 2011 til 2012:

- Breytingar hafa verið gerðar á heilsustefnu Fjölbrautaskóla Vesturlands.
- Ný jafnréttisáætlun var unnin á skólaárinu af Ólöfu Samúelsdóttur í samvinnu við jafnréttisnefnd.
- Smávægileg viðbót við skólareglur.
- Breyttar reglur um niðurfellingu fjarvista af öðrum ástæðum en veikindum.
- Reglum um frávik frá skólasóknarreglu var breytt.
- Almenn heilbrigðisnám (AH) var skilgreint.
- Breytingar voru gerðar á brautinni almennt tækninám (AT).

Í júní 2012, Jens B. Baldursson aðstoðarskólameistari

Formáli 11. útgáfu

Á skólaárinu 2010 til 2011 vann starfshópur að endurbótum á skólanámskrá. Í hópnum voru Atli Harðarson, Eiríkur Guðmundsson, Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir, Hannes Þorsteinsson, Hjördís Árnadóttir, Hörður Ó. Helgason og Jens B. Baldursson. Undir lok skólaársins bættist Helena Valtýsdóttir í hópinn og Þorbjörg Ragnarsdóttir tók sæti Hannesar. Vinna starfshópsins snerist einkum um breytingar á uppsetningu bóknámsbrauta.

Helstu breytingar sem ákveðnar voru og ganga í gildi nú um leið og þessi 11. útgáfa birtist eru eftirtaldar:

- Heilsustefnu skólans var bætt í fyrsta kafla námskrárinnar og sérstakur kafla um vímuvarnastefnu var felldur niður.
- Jafnréttisstefnu skólans var bætt í fyrsta kafla námskrárinnar.
- Uppsetningu bóknámsbrauta var breytt.
- Almenn námsbraut - tækninám var skilgreind.
- Almenn námsbraut - viðskiptanám var skilgreind.
- Viðskipta- og hagfræðibraut var felld niður.
- Ákvæðum um framhaldsskólapróf var eytt úr námskránni.
- Orðalagi á skólasóknarreglu númer 2 og á prófgreglu númer 3 var breytt.
- Reglum um frávik frá skólasóknarreglu var breytt.

Til viðbótar við þetta hafa fáeinir villur verið leiðréttar og nokkur smáatriði færð til betri vegar.

*

Þegar vinnu við 11. útgáfu skólanámskrár Fjölbrautaskóla Vesturlands var nær lokið gaf Mennta- og menningarmálaráðuneytið út almennan hluta nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla. Með þessari útgáfu eru talsvert miklar breytingar boðaðar sem skólanámskrá þarf að taka mið af. Því má vænta nokkuð mikilla breytinga á skólanámskránni á næstu misserum.

Í júní 2011, Atli Harðarson aðstoðarskólameistari

Formáli 10. útgáfu

Á skólaárinu 2009 til 2010 voru þær breytingar helstar gerðar á skólanámskrá að bætt var inn í hana kaflanum *Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku*. Einnig voru þrjár námsbrautir lagðar niður þ.e. brautirnar: *félagsmála-* og *tómstundabraut (FT)*, *íþróttabraut (ÍÞ)* og *stóriðjubraut (STB)*.

Í júní 2010, Hafdís F. Ásgeirsdóttir aðstoðarskólameistari

Formáli 9. útgáfu

Á skólaárinu 2008 til 2009 vann starfshópur að endurbótum á skólanámskrá í samræmi við lög um framhaldsskóla sem tóku gildi vorið 2008. Í hópnum voru Atli Harðarson, Eiríkur Guðmundsson, Hafdís Fjöla Ásgeirsdóttir, Hannes Þorsteinsson, Hjördís Árnadóttir, Hörður Ó. Helgason og Jens B. Baldursson. Helstu breytingar sem ákvæðnar voru og ganga nú í gildi um leið og þessi 9. útgáfa birtist eru eftirtaldar:

- Inntökuskilyrðum á námsbrautir var breytt, enda ekki lengur hægt að miða við einkunnir á samræmdum prófum við lok 10. bekkjar þar sem þau hafa verið lögð niður.
- Skilgreint var framhaldsskólapróf af almennri braut og af öllum öðrum námsbrautum sem eru 52 einingar eða meira. Skilgreiningin er skráð neðan við lýsingu hvernar námsbrautar.
- Bætt var við nýjum ákvæðum um mat á ýmsum námskeiðum, óformlegu námi og starfsreynslu.
- Í kafla um námsmat og próf bættist við undirkafla um verkefni og verkefnaskil.
- Uppsetningu á brautarlýsingum iðnbrautanna HÚ8, RK8, RK9 og VS8 var breytt.

Til viðbótar við þetta hafa fáeinar villur verið leiðréttar og nokkur smáatriði færð til betri vegar.

Í júní 2009, Atli Harðarson aðstoðarskólameistari

Formáli 8. útgáfu

Á skólaárinu 2007 til 2008 var unnið að nokkrum endurbótum á skólanámskrá. Helstu breytingar sem ákvæðnar voru og ganga nú í gildi um leið og þessi 8. útgáfa birtist eru eftirtaldar:

- Í kafla um viðbótarnám til stúdentsprófs eftir starfs- eða listnám hefur verið bætt skilgreiningu á tæknistúdentsprófi sem unnin var í samráði við frumgreinasvið Háskólans í Reykjavík.
- Bætt hefur verið inn ákvæðum um mat á þátttöku í störfum fyrir nemendafélag skólans.
- Bætt hefur verið við kafla um þjónustu við nemendur með sértæka námserfiðleika.
- Ákvæði um fjarnám hafa verið endurskoðuð og gerð ítarlegri og kafla um P-heimildir hefur verið felldur niður.

Til viðbótar við þetta hafa fáeinar villur verið leiðréttar og nokkur smáatriði færð til betri vegar.

Í júní 2008, Atli Harðarson aðstoðarskólameistari

Formáli 7. útgáfu

Á skólaárinu 2006 til 2007 var unnið að endurskoðun á nokkrum köflum skólanámskrárinnar. Helstu breytingar sem ákvæðnar voru og ganga nú í gildi um leið og þessi 7. útgáfa birtist eru eftirtaldar:

- Bætt hefur verið við einni skólareglu og er hún númer 2 og fjallar um einelti og viðbrögð við því. Reglan sem var númer 2 er nú númer 3 o.s.frv.
- Í kafla um utanskólanám og fjarnám hefur verið bætt inn viðmiðum um fjarkennslu.
- Settar hafa verið nýjar reglur um mat á námi úr öðrum framhaldsskólum.
- Reglum um mat á þjálfun hjá íþróttafélagi hefur verið breytt.
- Inntökuskilyrði á viðskipta- og hagfræðibraut hafa verið sett í samræmi við ákvörðun menntamálaráðuneytis.
- Horfið hefur verið frá því að telja landafræði og jarðfræði saman sem eina námsgrein á kjörsviði náttúrufræðibrautar.

Til viðbótar við þetta hafa fáeinar villur verið leiðréttar og nokkrar áfangalýsingar uppfærðar.

Í júní 2007, Atli Harðarson aðstoðarskólameistari

Formáli 6. útgáfu

Á skólaárinu 2005 til 2006 var unnið að endurskoðun á markmiðskafla skólanámskrár og niðurstaða þeirrar vinnu birtist hér í 6. útgáfu skólanámskrár. Aðrar breytingar frá 5. útgáfu eru þær helstar að: Reglum um skráningu fjarvista, viðurlög við þeim og einkunn fyrir skólasókn hefur verið breytt sem og reglum um niðurfellingu fjarvista af öðrum ástæðum en veikindum; Brautalýsingum í rafiðngreinum hefur verið breytt til samræmis við breytingu á aðalnámskrá; Fjórðu bóknámsbrautinni, viðskipta- og hagfræðibraut, verið bætt við, en maí á þessu ári samþykkti Alþingi breytingu á lögum um framhaldsskóla (nr. 80 frá 1996) sem heimilar skólum að bjóða upp á viðskipta- og hagfræðibraut til stúdentsprófs; Fáeinar villur hafa verið leiðréttar og lista yfir sveitarfélög sem aðild eiga að samningi um skólann verið breytt þar sem sveitarfélög hafa sameinast.

Í ágúst 2006, Atli Harðarson aðstoðarskólameistari

Formáli 5. útgáfu

Síðan 4. útgáfa Skólanámskrár Fjölbrautaskóla Vesturlands kom út hefur verið ákveðið að taka upp kennslu á tveim nýjum námsbrautum við skólann, *félagsmála- og tómstundabraut* og *tölvufræðibraut*. Ein námsbraut, *uppeldisbraut*, hefur verið lögð niður enda er hún ekki lengur til í Aðalnámskrá framhaldsskóla.

Í fyrsta hluta námskrárinnar, sem fjallar um starfshætti skólans, hafa nokkrar breytingar verið gerðar á skólareglum. Þær helstu eru:

- Endurskoðun á reglum um skráningu fjarvista, viðurlög við þeim og útreikning skólasóknareinkunnar.
- Felld hefur verið niður regla um námskröfur sem var á þessa leið: „Falli nemandi á önn á hann rétt á að láta þá áfanga standa þar sem hann hefur fengið einkunnina 7 eða hærra, haldi nemandi áfram námi við skólann.“ (Rökin fyrir þessu eru að sú venja hefur skapast að láta alla áfanga standa þar sem nemandi hefur fengið einkunn 5 eða hærra.)
- Úr prófreglum hefur verið felld niður ákvæði þess efnis að óheimilt sé að gefa nemendum upp árangur þeirra á prófi áður en einkunnir eru afhentar með formlegum hætti.
- Bætt hefur verið inn köflum um skráningu og meðferð upplýsinga og um aðgang nemenda og forráðamanna þeirra að upplýsingum.

Í fyrsta hluta námskrárinnar hefur einnig verið bætt nýjum kafla um mat á ýmislegu námi. Tveir síðustu undirkaflar hans voru áður í kafla um námsframvindu. Hinir undirkaflarnir eru nýir. Ennfremur hefur verið bætt inn stuttum kafla um sjálfsmat.

Breytingar á brautalýsingum hafa verið gerðar í samræmi við breytingar á Aðalnámskrá framhaldsskóla. Ennfremur hafa einstakar áfangalýsingar verið endurskoðaðar.

Í júní 2005, Atli Harðarson aðstoðarskólameistari

Formáli 4. útgáfu

Síðan 3. útgáfa Skólanámskrár Fjölbrautaskóla Vesturlands kom út hefur menntamálaráðuneytið kynnt breytingar á námi í bygginga- og mannvirkjagreinum. Í þessari útgáfu eru því nýjar brautarlýsingar fyrir grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina og sérnám í húsasmíði. Einnig hefur verið kunngert að námskrá í rafsuðu verður ekki til í þeirri mynd sem verið hefur. Brautarlýsing fyrir rafsuðubraut hefur því verið tekin úr skólanámskránni.

Í janúar 2004 sendi menntamálaráðuneytið frá sér endurskoðun á almennum hluta *Aðalnámskrár* og hér er ýmislegt fært til samræmis við það sem þar stendur, m.a. ákvæði um kjörsvið á bóknámsbrautum.

Nokkrar breytingar hafa orðið á skólareglum, þær viðamestu varða frjálsa mætingu (þ.e. undanþágu frá skólasóknarreglu).

Allmargar áfangalýsingar hafa breyst, má þar helst nefna undanfarakröfur fyrir fyrstu áfanga í dönsku, ensku, íslensku, náttúrufræði, samfélagsgreinum og stærðfræði. Einnig hafa verið settar inn áfangalýsingar þar sem breyting hefur orðið á *Aðalnámskrá* og þar sem áfangalýsingar vantaði í eldri gerð skólanámskrár.

Til viðbótar við það sem hér er talið hafa verið gerðar ýmsar minniháttar lagfæringar og leiðréttingar.

Í apríl 2004, Atli Harðarson aðstoðarskólameistari

Formáli 3. útgáfu

Síðan 2. útgáfa Skólanámskrár Fjölbrautaskóla Vesturlands kom út í fyrrasumar hefur menntamálaráðuneyti kynnt breytingar á sjúkraliðabraut, reglum um kjörsvið á stúdentsbrautum hafa verið skerptar, reglum um útreikning skólasóknareinkunnar og viðbrögð skólans við fjarvistum úr kennslustundum hefur verið breytt og ýmsum smáatriðum hnikað til. Einnig hefur verið horfið frá því að gefa námskrána úr í bók og ákveðið að birta hana aðeins á vef skólans.

Í júní 2003, Atli Harðarson aðstoðarskólameistari

Formáli 2. útgáfu

Síðan 1. útgáfa Skólanámskrár Fjölbrautaskóla Vesturlands leit dagsins ljós hefur menntamálaráðuneytið gert talsverðar breytingar á Aðalnámskrá framhaldsskóla. Nú hefur skólanámskráin verið löguð að breytingum sem ráðuneytið hefur kunngert. Einnig hafa ýmsar smávægilegar villur í 1. útgáfu verið leiðréttar og texta hnikað til á stöku stað.

Auk ritnefndarmanna hafa allmargir kennarar, deildarstjórar, áfangastjóri og námsráðgjafar, tekið þátt í vinnu við endurskoðun skólanámskrárinnar. Öllu þessu fólki eru hér færðar bestu þakkir.

Í maí 2002, Atli Harðarson aðstoðarskólameistari

Formáli 1. útgáfu

Menntamálaráðuneytið gaf út Aðalnámskrá framhaldsskóla í apríl 1999. Í henni segir að hver skóli skuli gefa út skólanámskrá er lýsi námsframboði, sérkennum og sérstöðu skólans og þeim starfsháttum og verklagsreglum sem þar gilda. Námskrár einstakra greina, með nánari lýsingu á inntaki og markmiðum kennslunnar, komu svo út í kjölfar aðalnámskrárinnar.

Vinna við skólanámskrá fyrir Fjölbrautaskóla Vesturlands hófst af krafti á haustönn 1999. Starfshópar kennara unnu að tillögum um hin ýmsu atriði er varða kennsluna og vinnubrögð í skólastarfinu í heild. Tillögurnar voru svo teknar til almennrar umræðu og afgreiðslu. Deildarstjórar hafa ásamt samkennurum haft veg og vanda að gerð áfangalýsinga. Skólastjórnendur hafa annast verkstjórn námskrárgerðarinnar og uppsetningu námsbrautanna. Ritstjórn skipuð þeim Gunnari Magnússyni deildarstjóra, Herði Ó. Helgasyni aðstoðarskólameistara og Jóni Árna Friðjónssyni deildarstjóra hóf störf í febrúar 2000. Ritstjórnin hefur séð um að samhæfa efni skólanámskrárinnar og færa það í þann búning sem hér gefur að líta. Námskráin er fjölfölduð á skrifstofu skólans en Prentverk Akraness prentaði útsíður.

Skólanámskrá Fjölbrautaskóla Vesturlands 2000 felur í sér miklar breytingar sem gerðar hafa verið á íslenska skólakerfinu á undanförunum árum. Hún er auðvitað barn síns tíma og á eflaust eftir að breytast nokkuð á næstu misserum. Skólinn er í stöðugri þróun og áherslur í menntamálum breytast ört. Hvað sem því líður hefur tekist að vinna þessa fyrstu útgáfu skólanámskrár FVA á undravert skömnum tíma. Það sýnir vel hve dugmiklu starfsfólki skólinn hefur á að skipa.

Skólanámskrá Fjölbrautaskóla Vesturlands er í senn stefnuskrá og starfsáætlun skólans og er bindandi fyrir starfsmenn og nemendur hans. Vonandi verður hún leiðarljós og hvatning til góðra verka í námi og kennslu. Allir sem komið hafa að gerð þessarar fyrstu útgáfu hafi bestu þakkir fyrir.

Í júlí 2000, Þórir Ólafsson skólameistari

Starfshættir

Fjölbrautaskóli Vesturlands

Fjölbrautaskólinn á Akranesi tók til starfa 12. september 1977. Stofnun skólans markaði tímamót í skólamálum á Vesturlandi. Hinn nýi skóli tók við húsnæði og hlutverki Gagnfræðaskólans og Iðnskólans á Akranesi. Fljótlega eftir stofnun skólans hófst samstarf um rekstur framhaldsdeilda milli hans og grunnskóla á Vesturlandi. Einnig tók Héraðsskólinn í Reykholti þátt í þessu samstarfi.

Árið 1987 var sú breyting gerð að úr Fjölbrautaskólanum á Akranesi og framhaldsdeildum grunnskólanna var stofnaður nýr skóli, Fjölbrautaskóli Vesturlands. Þann 6. febrúar 1987 gerðu 32 sveitarfélög á Vesturlandi og menntamálaráðuneytið samning um að reka öflugan framhaldsskóla og bæta þannig aðstöðu Vestlendinga til að afla sér menntunar.

Síðan sveitarfélög í fjórðungnum undirrituðu fyrst samning um Fjölbrautaskóla Vesturlands hafa nokkur þeirra sameinast og sveitarfélög á norðanverðu Snæfellsnesi hafið samstarf um rekstur framhaldsskóla í Grundarfirði. Nú eru sveitarfélögin sem eiga aðild að samningi um Fjölbrautaskóla Vesturlands því aðeins sex talsins: Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur og Skorradalshreppur.

Hlutverk framhaldsskóla

Hlutverk framhaldsskóla er skilgreint í *Lögum um framhaldsskóla*, nr. 92 frá 2008. Þar segir í 2. grein:

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.

Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýnni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun.

Af þessu má sjá að hlutverk skóla eins og Fjölbrautaskóla Vesturlands er mjög margþætt. Skólinn á ekki eingöngu að sjá um kennslu heldur líka félagsmótun og uppeldi í víðasta skilningi.

Markmið Fjölbrautaskóla Vesturlands

Markmið Fjölbrautaskóla Vesturlands eru að:

1. Koma til móts við þarfir allra íbúa svæðisins fyrir menntun á framhaldsskólastigi með því að bjóða fjölbreytt nám á mörgum brautum, sem hæfir nemendum með misjafna getu, margvísleg áhugamál og ólíkar þarfir. Skólinn er fyrir alla sem vilja stunda nám á framhaldsskólastigi og eru tilbúnir til að leggja sig fram.
2. Hver nemandi finni að velferð hans skipti máli, kennurum og stjórnendum skólans þyki mikilvægt að hann nýti og þroski hæfileika sína, vinni vel og nái góðum árangri.
3. Í hverjum áfanga sem kenndur er við skólann séu nemendum veittar skýrar upplýsingar um markmið, áherslur og kröfur í náminu.
4. Kennarar hvetji nemendur til að leggja sig fram og velji viðfangsefni og kennsluaðferðir sem stuðla að því að þeir nái skilgreindum markmiðum.
5. Kennarar nýti og þroski hæfileika sína, frumkvæði þeirra njóti sín og þeir taki þátt í þróunarstarfi.
6. Skólareglur, sem nemendum er gert að hlýða, stuðli að árangursríku námi, gagnkvæmri virðingu nemenda, kennara og annars starfsfólks og hvetji til góðrar umgengni, tillitssemi og umburðarlyndis.

Heilbrigði og velferð

Stefnumótun þessi byggist á ákvæðum aðalnámskrár framhaldsskóla frá 2011 um heilbrigði og velferð sem grunnþátt í menntun þar sem heilbrigði er tengt andlegri, líkamlegri og félagslegri velferð.

Við stuðlum að heilbrigði og velferð. Þetta gerum við með því að:

- Sýna hvert öðru virðingu og hlúa að sjálfsvirðingu hvers og eins.
- Láta hvern einstakling finna að velferð hans skipti máli og það sé mikilvægt að hann vinni vel og nái góðum árangri.
- Hæfileikar nemenda njóti sín og þeim sé hrósað fyrir það sem þeir gera vel.
- Skólareglur stuðli að tillitssemi, umburðarlyndi og gagnkvæmri virðingu nemenda og starfsfólks.
- Gefa öllum nemendum kost á ráðgjöf bæði um nám og mál sem varða einkahagi, heilbrigði og líðan.
- Hvetja til hófsemi og heilbrigðra lífshátta.
- Styðja uppbyggilegt félagslíf.
- Halda uppi skipulegu forvarnastarfi.
- Vinna gegn einelti og annarri hegðun sem veldur vanlíðan eða heilsutjóni.

Við eflum skilning á heilbrigði og velferð. Þetta gerum við með því að:

- Bjóða upp á úrval áfanga þar sem heilbrigðismál eru meginefni.
- Flétta fræðslu um heilbrigði saman við kennslu ólíkra námsgreina.
- Vekja bæði nemendur og starfsfólk til umhugsunar um heilbrigðismál og kynna forvarnastarf skólans fyrir þeim.

Skólinn tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli* í samstarfi við Landlæknisembættið.

Til að fylgja stefnunni eftir er mat á framkvæmd hennar hluti af kerfisbundnu innra mati skólans, þar á meðal mati á kennslu í áföngum.

Jafnrétti

Stefnumótun þessi byggist á ákvæðum aðalnámskrár framhaldsskóla frá 2011 um jafnrétti sem grunnþátt í menntun. Hún tekur einnig mið af lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og mannréttindum eins og þau eru skilgreind í lögum og alþjóðasáttmálum sem Ísland á aðild að.

Við vinnum í anda jafnréttis. Þetta gerum við með því að:

- Sýna öllum nemendum virðingu.
- Láta hvern nemanda finna að velferð hans skipti máli og kennurum og stjórnendum skólans þyki mikilvægt að hann nýti og þroski hæfileika sína, vinni vel og nái góðum árangri.
- Gæta þess að allir eigi þess kost að nýta hæfileika sína óháð kyni og án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda.
- Koma í veg fyrir ranglæti og mismunun þar á meðal einelti, kynferðislega áreitni og annað ofbeldi.
- Láta skólareglur stuðla að tillitssemi, umburðarlyndi og gagnkvæmri virðingu nemenda og starfsfólks.
- Bjóða nám á mörgum brautum, sem hæfir nemendum með misjafna getu, margvísleg áhugamál og ólíkar þarfir.
- Nota fjölbreytilegar kennsluaðferðir til að mæta þörfum ólíkra nemenda.

Við stuðlum að skilningi á jafnrétti og gildi þess. Þetta gerum við með því að:

- Hvetja kennara til að flétta fræðslu um jafnréttismál saman við kennslu ólíkra námsgreina.
- Bjóða upp á áfanga þar sem jafnréttismál eru meginefni.

- Vekja bæði nemendur og starfsfólk til umhugsunar um jafnréttismál og kynna jafnréttisstefnu skólans fyrir þeim.

Til að fylgja stefnunni eftir er mat á framkvæmd hennar hluti af kerfisbundnu innra mati skólans, þar á meðal mati á kennslu í áföngum.

Öryggismál

Skólinn leggur sig fram um að tryggja öryggi nemenda sinna og leggur áherslu á að þeir fylgi öryggisreglum. Í áföngum sem kenndir eru á verkstæðum eða annars staðar þar sem slyshætta er fá nemendur skriflegar reglur sem þeim er skylt að fylgja. Þeir kvitta fyrir að þeim sé kunnugt um reglurnar og ef þeir eru yngri en 18 ára fá forráðmenn sent afrit af reglunum með staðfestingu nemanda á að hann viti hverjar þær eru. Brot á öryggisreglum geta varðað brottvísun úr áfanga.

Verði slys í kennslustund skal kennari skrá hvað gerðist. Skráningin skal borinn undir þann sem fyrir slysinu varð. Sé ágreiningur um málsatvik skal skrá hvað menn eru ósammála um, annars staðfesta bæði kennari og sá sem varð fyrir slysi að atvikalýsing sé rétt.

Áföll og áfallateymi

1. Skólameistari skipar fólk í áfallateymi og skulu nöfn þess, netföng og símanúmer vera á vef skólans. Í áfallateymi eru:

Aðalmenn	Varamenn
Skólameistari	Aðstoðarskólameistari
Námsráðgjafi	Námsráðgjafi
Starfsmaður skrifstofu	Starfsmaður skrifstofu
Vistarstjóri	Starfsmaður með þekkingu/reynslu
Starfsmaður með þekkingu/reynslu	Starfsmaður með þekkingu/reynslu

1. Á fundi skal boða bæði aðalmenn og varamenn.
2. Áfallateymi getur beðið aðra að koma á fund um áfall, svo sem formann nemendafélags, sérfróða aðila, sóknarprest, fulltrúa lögreglu og heilsugæslu.
3. Áfallateymi hittist alltaf í upphafi skólaárs (á öðrum starfsdegi kennara fyrir byrjun skóla).
4. Áfallateymi fundar strax ef áföll verða. Áföll eru t.d. dauðsfall starfsmanns eða nemenda, alvarleg slys sem starfsmenn eða nemendur lenda í, sviplegir atburðir sem valda verulegum ótta í skólanum, váleg eða slæm tíðindi sem hafa mikil áhrif á fólk í skólanum.
5. Á fyrsta fundi eftir áfall eru teknar ákvarðanir um fyrstu viðbrögð og um næsta fund.
6. Ef áfall er alvarlegt fundar áfallateymi líka eftir að aðgerðum er lokið og allt um garð gengið.
7. Þeir sem sitja fund áfallateymis eru bundnir þagnarskyldu um það sem gerist á fundinum og skal hefja hvern fund á að minna á það.

Sjálfsmat

Allir þættir skólastarfsins eru metnir með skipulegum hætti og niðurstöður mats og skýrslur um vinnu við það eru birtar á vef skólans. Matið er unnið með hliðsjón af markmiðum skólans eins og þau eru skilgreind í lögum og skólanámskrá. Við það er miðað að hver þáttur skólastarfsins sé metinn a.m.k. einu sinni á hverju þriggja ára tímabili.

Í tengslum við sjálfsmat leggur skólinn spurningalista fyrir nemendur og starfsmenn. Ber öllum hlutaðeigandi að svara þeim eftir bestu vitund.

Samskipta- og skólareglur

Samskipta- og skólareglur í Fjölbrautaskóla Vesturlands eiga það sameiginlegt að byggja á gagnkvæmri virðingu nemenda, kennara og annars starfsfólks. Auk þess er andi þeirra sá að hvetja til góðrar umgengni, tillitssemi og umburðarlyndis.

Það er stefna Fjölbrautaskóla Vesturlands að stuðla að því að allir sem þar starfa, nemendur, kennarar og annað starfsfólk, umgangist hver annan af kurteisi og tillitssemi. Nemendur og aðrir sem leita eftir þjónustu skrifstofu, bókasafns, heimavistar og mótuneytis eiga að finna gott og vinsamlegt viðmót. Á sama hátt ætlast skólinn til þess að allir þeir sem leita eftir þjónustu geri það á kurteislegan hátt og sýni skilning og biðlund ef ekki er hægt að sinna erindum þeirra samstundis.

Skólareglur

1. Nemendur skulu sýna skólasystkinum sínum og starfsfólki skólans tillitssemi og kurteisi í daglegum samskiptum.
2. Komið skal vel fram við alla, nemendur og starfsmenn. Verði nemandi eða starfsmaður var við einelti eða tilraunir til eineltis ber viðkomandi að láta námsráðgjafa vita af því strax. Námsráðgjafar leitast við að vinna á einelti með samræðum við þá sem hlut eiga að málum.
3. Nemendur skulu stunda nám sitt samkvæmt kennsluáætlunum og fyrirmælum kennara og forðast allt sem veldur truflun í skólastarfinu.
4. Nemendum ber að ganga vel um húsnæði, tæki og annan búnað skólans.
5. Neysla áfengis og annarra vímuefna er bönnuð í skólanum og á samkomum og ferðalögum á hans vegum.
6. Reykingar og önnur tóbaksnotkun er bönnuð í skólanum.
7. Neysla matar, drykkja og sælgætis er bönnuð í kennslustofum.
8. Ítrekuð brot nemenda á skólareglum geta leitt til brottvísunar úr skóla að undangenginni viðvörðun. Nemandi sem brýtur almenn hegningarlög í skólanum getur átt von á tafarlausri brottvísun úr skóla ef brotið er þess eðlis að viðvörðun verður ekki við komið.
9. Þeir sem þiggja skólavist í Fjölbrautaskóla Vesturlands gangast með því undir þær reglur sem þar gilda.

Til viðbótar við þessar reglur gilda ýmis ákvæði um félagslíf nemenda sem skráð eru í handbók NFFA.

Réttur kennara til að halda vinnufrið í kennslustundum

1. Kennari er verkstjóri í kennslustundum og stjórnar því sem þar fer fram. Það er réttur kennara og nemenda að vinnufriður ríki í kennslustundum.
2. Kennara er heimilt að færa í sundur einstaklinga sem trufla.
3. Kennara er heimilt að vísa nemanda úr kennslustund.
4. Kennara er heimilt að neita nemanda sem vísað hefur verið úr kennslustund um að sækja tíma í viðkomandi áfanga hafi nemandinn ekki gert hreint fyrir sínum dyrum.
5. Nemendur sem ítrekað trufla vinnufrið í kennslustundum geta átt yfir höfði sér brottvísun úr skóla.

Kvartanir nemenda

Ef nemandi telur sig ekki geta rætt beint við kennara sinn um atriði sem honum finnst að betur mættu fara, eða telur sig ekki hafa fengið viðeigandi lausn eftir að hafa rætt við kennarann, getur hann snúið sér til umsjónarkennara síns, deildarstjóra, námsráðgjafa eða stjórnenda. Nemandinn skal þá hafa eftirfarandi að leiðarljósi:

- Kvartanir sem varða tilhögun kennslu, yfirferð efnis eða námsmat (t.d. skortur á verkefnum, kennslu-áætlun sem ekki er fylgt, ósanngjarnt próf) berist til deildarstjóra sem ræði þær við viðkomandi kennara. Ef ekki næst samkomulag má vísa málinu áfram til skólameistara. Þurfi nemandi að kvarta yfir deildarstjóra skal hann snúa sér til skólameistara.
- Aðrar kvartanir (sem varða t.d. framkomu kennara við nemendur) berist til námsráðgjafa. Deildarstjóri og námsráðgjafi ræði við viðkomandi kennara á formlegum fundi ef ástæða þykir til. Námsráðgjafi meti í samráði við deildarstjóra hvenær nóg er að gert og niðurstöður ásættanlegar fyrir alla aðila. Ef ágreiningur er um hvort niðurstöður eru ásættanlegar er málinu vísað til stjórnenda til frekari úrvinnslu.

Nemendur geta snúið sér beint til deildarstjóra, námsráðgjafa, eða stjórnenda með kvartanir. Þeir geta einnig rætt við umsjónarkennara sína og fengið aðstoð þeirra. Námsráðgjafar og umsjónarkennarar eru hafðir með í ráðum við lausn ágreiningsmála sem varða skjólstæðinga þeirra.

Rísi ágreiningur milli nemenda og kennara eða annarra starfsmanna skólans og takist hlutaðeigandi ekki að finna lausn á málinu skal því vísað til skólameistara. Uni málsaðilar ekki niðurstöðu skólameistara má vísa málinu til menntamálaráðuneytisins.

Komi fram kvartanir eða kærur vegna samskipta nemanda/nemenda og skólameistara og takist ekki að leysa málið innan skólans skal því vísað til úrlausnar menntamálaráðuneytisins.

Telji nemandi, eða forráðamenn hans sé nemandinn yngri en 18 ára, að brotið hafi verið á rétti nemandans, þannig að ástæða sé til að bera fram kvörtun skulu þeir snúa sér til skólameistara.

Um skólasókn

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir samkvæmt stundatöflu sinni og koma stundvíslega til kennslu.

Eftirfarandi reglur gilda um skráningu fjarvista, viðurlög við þeim og einkunn fyrir skólasókn:

1. Ef nemandi er fjarverandi úr kennslustund (klukkustund) eða mætir eftir að fjórðungur kennslustundar er liðinn skrifar kennari F í kladda. Komi nemandi of seint en þó áður en fjórðungur kennslustundar er liðinn skrifar kennari S. Sambærilegar reglur gilda yfirgefi nemandi kennslustund áður en henni er lokið. Þrjú S jafngilda einu F.
2. Ef annað er ekki tekið sérstaklega fram í kennsluáætlun jafngildir það úrsögn úr áfanga ef fjarvistir í honum eru fleiri en sem svarar kennslu í eina og hálfa viku (t.d. meira en 6 skipti í áfanga sem er kenndur 4 sinnum í viku).
3. Veikindi og önnur forföll skal tilkynna samdægurs. Nemanda ber að tilkynna forföll áður en hringt er út úr fyrstu kennslustund sem hann skal, samkvæmt stundatöflu, sækja þann daginn. Veikindi sem vara skemur en einn dag er ekki hægt að tilkynna rafrænt en nemandi getur gert grein fyrir þeim á skrifstofu skólans og fyllt út blað þar sem óskað er niðurfellingar fjarvista.
4. Forföll vegna heimsóknna til lækna eða annarra sérfræðinga á heilbrigðissviði sem vara skemur en einn skóladag er hægt að tilkynna á skrifstofu. Slíkri tilkynningu skal fylgja vottorð eða dagsett kvittun frá heilbrigðisstofnun.
5. Ef forföll og fjarvistir í áfanga eru samtals meira en sem svarar tveim vikum getur skólameistari krafist þess að veikindaforföll verði eftirleiðis staðfest með vottorði frá lækni.
6. Ef nemandi gerir grein fyrir öllum veikindaforföllum í samræmi við 3. og 4. grein hér að ofan þá valda veikindi því ekki að hann fái lægri einkunn en 7 fyrir skólasókn. (Veikindi eru dregin frá upp að 93%.)
7. Einkunn er gefin fyrir skólasókn og birtist hún í námsferli nemenda og á útskriftarskríteini. Skólasóknareinkunn ræðst af skólasókn samkvæmt töflunni hér fyrir neðan. Nemandi í fullu námi (24 kennslustundum eða meira) sem nær 9 eða 10 í skólasóknareinkunn fær 1 einingu sem er færð inn í námsferil hans við lok annar.

Frá 98% upp í 100% gefur einkunnina 10
Frá 96% upp að 98% gefur einkunnina 9
Frá 94% upp að 96% gefur einkunnina 8
Frá 92% upp að 94% gefur einkunnina 7
Frá 90% upp að 92% gefur einkunnina 6

Frá 88% upp að 90% gefur einkunnina 5
Frá 86% upp að 88% gefur einkunnina 4
Frá 84% upp að 86% gefur einkunnina 3
Frá 82% upp að 84% gefur einkunnina 2
Skólasókn undir 82% gefur einkunnina 1

8. Sé skólasóknareinkunn lægri en 5 á nemandi ekki vísa skólavist á næstu önn.
9. Sé nemandi haldinn langvinnum sjúkdómi skal hann hafa samband við námsráðgjafa strax og það er ljóst og síðan í upphafi hverrar annar og fylgja fyrirmælum um regluleg samskipti á önninni.

Reglur um niðurfellingu fjarvista af öðrum ástæðum en veikindum

Fjarvistir eru felldar niður að fullu í eftirfarandi tilvikum:

1. Vegna námsferða á vegum skólans (ferðir skipulagðar af NFFA samþykktar af skólastjórnendum falla hér undir).
2. Vegna tiltekinna starfa í stjórn NFFA að fengnu leyfi skólameistara.
3. Vegna keppnisferða á vegum skólans eða NFFA.
4. Vegna vinnu við undirbúning og framkvæmd stórvíðburða á vegum NFFA að að fengnu leyfi skólameistara.
5. Vegna þátttöku í, eða undirbúnings fyrir, íþróttakeppni á vegum landsliðs, enda liggi fyrir staðfesting á slíkri þátttöku frá viðkomandi sérsambandi.

Fjarvistir eru felldar niður að hluta (þ.e. eins og um veikindi væri að ræða) í eftirfarandi tilvikum:

6. Vegna þátttöku í, eða undirbúnings fyrir, íþróttakeppni á vegum íþróttafélags, enda liggi fyrir staðfesting á slíkri þátttöku frá viðkomandi íþróttafélagi.
7. Vegna ófærðar eða annarra óviðráðanlegra tilvika, enda geti nemandi skýrt og staðfest þá töf sem hann varð fyrir.
8. Vegna útfarar nákomins ættingja eða vinar.
9. Vegna veikinda barns sem nemandi á eða hefur á framfæri.
10. Þegar rökstudd umsókn um leyfi vegna brýnna erinda liggur fyrir frá nemanda eða forráðamönnum hans.

Reglur um um frávík frá skólasóknarreglu

Nemendur geta sótt um frávík frá skólasóknarreglu í byrjun annar. Umsókn þarf að vera rökstudd. Um frá vik frá skólasóknarreglu gildir:

1. Nemendur sem hafa fengið samþykkt frávík frá skólasóknarreglu geta þurft að mæta í allar kennslustundir í sumum áföngum (einkum verklegum og próflausum) sem ekki er hægt að ljúka nema með reglulegri tímasókn.
2. Skólinn gerir þá kröfu að nemandi með frávík frá skólasóknarreglu sækji kennslustundir samkvæmt samkomulagi. Nemandinn á ekki rétt á kennslu eða leiðsögn utan kennslustunda umfram aðra nemendur.
3. Nemendur með frávík frá skólasóknarreglu geta ekki stundað nám í fornámsáföngum (með millitöluna 9).
4. Hafi nemandi fallið í einhverjum áföngum á síðustu önn sinni í skóla getur hann ekki fengið frávík frá skólasóknarreglu í fleiri einingum en hann lauk með fullnægjandi árangri á þeirri önn.
5. Að jafnaði skal við það miðað að nemandi sem fær frávík frá skólasóknarreglu sé orðinn a.m.k. 20 ára, hafi stundað nám með góðum árangri og tilgreini í umsókn sinni ástæður þess að hann geti ekki haldið áfram námi án þess að sleppa einhverjum kennslustundum.

6. Endurnýja þarf umsókn um frávík frá skólasóknarreglu í upphafi hvernar annar. Umsóknin er afgreidd í samráði við deildarstjóra og kennara fyrir lok annarrar kennsluviku.
7. Þess er vænst að nemendur í fullu námi hafi samráð við skólastjórnendur eða námsráðgjafa áður en umsókn þeirra um frávík frá skólasóknarreglu er afgreidd.
8. Nemandi með frávík frá skólasóknarreglu fær hvorki skólasóknareinkunn né einingar fyrir skólasókn (en skráð er U í stað einkunnar í námsferil)

Skráning og meðferð upplýsinga

Skólinn skráir námsferla nemenda, námsárangur, viðveru og fleiri upplýsingar sem varða skólagöngu þeirra með rafrænum hætti í gagnagrunn (Innu) sem kennarar, námsráðgjafar og skólastjórnendur hafa aðgang að.

Starfsmenn skólans sem hafa lykilorð að rafrænum upplýsingum um nemendur skulu gæta þess að engir aðrir fái vitneskju um lykilorðið og láta skólastjórnendur vita tafarlaust ef þeir hafa grun um að gögn sem meðhöndla ber sem trúnaðarmál séu aðgengileg óviðkomandi.

Starfsfólk skólans sem aðgang hefur að gögnum um nemendur er bundið trúnaði og óheimilt er að veita persónulegar upplýsingar um nemanda án samþykkis þess sem í hlut á og forráðamanna ef um er að ræða nemanda yngri en 18 ára.

Aðgangur nemenda og forráðamanna þeirra að upplýsingum

Hver nemandi fær lykilorð sem veitir honum aðgang að rafrænum upplýsingum sem skráðar eru um hann sjálfan. Sé nemandi yngri en 18 ára geta forráðamenn hans einnig fengið lykilorð sem veitir aðgang að sömu upplýsingum. Forráðamenn geta enn fremur fengið upplýsingar um námsframvindu, skólasókn eða annað sem tengist barni þeirra sérstaklega með því að hafa samband við skólastjórnendur.

Þegar nemandi hefur náð sjálfræðisaldri er einungis heimilt að veita honum sjálfum, eða þeim sem nemandinn veitir skriflegt umboð, upplýsingar um mál er varða hann persónulega.

Um nám og námsframvindu

Nemendur við Fjölbrautaskóla Vesturlands hafa talsvert val um námshraða en almennt er miðað við að nemendur í bóklegu námi sækji um það bil 36 kennslustundir á viku auk íþrótta, þ.e. 6 áfanga sem eru kenndir í 4 klukkustundir (=6 kennslustundir) og einn íþróttaáfanga sem er kenndur í 2 til 3 klukkustundir (=3 til 4,5 kennslustundir) í viku. Nemendur sem hafa staðið sig mjög vel í námi geta í sumum tilvikum tekið meira og á iðnbrautum eru vikulegar kennslustundir í mörgum tilvikum fleiri en 36.

Helstu námskröfur við Fjölbrautaskóla Vesturlands

1. Frá og með annarri önn skal nemandi ljúka a.m.k. 9 einingum á önn eða ná fullnægjandi námsárangri í því sem svarar 18 kennslustundum á viku. Takist nemanda það ekki telst hann fallinn á önninni.
2. Skólanum er ekki skylt að endurinnrita nemanda hafi hann fallið á tveimur önnum í röð.
3. Nemanda er heimilt að preyta próf þrívægis í sama áfanga. Falli hann í sama skylduáfanga í þriðja sinn er hægt að gera honum að endurtaka undanfara áfangans. Nemanda er þó heimilt að undangengnu samráði við námsráðgjafa að sækja um setu í áfanga í fjórða sinn til skólaráðs.
4. Reglulegt nám til stúdentsprófs skal taka 11 annir mest og reglulegt tveggja ára nám 7 annir mest.
5. Ef fall á lokaprófi í einum áfanga kemur í veg fyrir að nemandi geti útskrifast skal honum leyft að endurtaka próf í þeim áfanga í lok sömu annar. Þetta ákvæði á ekki við um próflausa áfanga.

6. Til að standast próf í áfanga og fá leyfi til að hefja nám í eftirfarandi áfanga þarf lágmarkseinkunn 5. Þó er nemandi heimilt að útskrifast með einkunnina 4 ef um lokaáfanga eða stakan áfanga er að ræða. Þeir áfangar gefa ekki einingar.

Skólaráð getur veitt undanþágur frá ofantöldum ákvæðum.

Fjarnám

Um fjarkennslu við Fjölbrautaskóla Vesturlands gilda eftirtalin viðmið:

a) Þjónusta skólans við nemendur:

- Nemandi í fjarnámi skal fá nákvæma kennsluáætlun í upphafi annar þar sem meðal annars er tilgreint hvenær verkefnum skal skilað og hvaða vægi þau hafa.
- Að jafnaði skal við það miðað að kennari og nemandi hafi a.m.k. vikuleg samskipti.
- Sé hluti áfanga verklegur eða námsefni þess eðlis að hrein fjarkennsla dugi ekki til að kenna það allt býður skólinn upp á staðbundnar lotur.
- Umsjónarmaður fjarnáms fylgist með ástundun nemenda og miðlar þeim upplýsingum um skólann í gegnum Plútó.

b) Kröfur sem skólinn gerir til nemenda í fjarnámi:

- Til að ljúka áfanga í fjarnámi þarf nemandi bæði að ná lokaeinkunninni 5 og fá að minnsta kosti 5 á lokaprófi.
- Nemendum í fjarnámi ber að tengjast Plútó svo oft sem kennarar hans mæla fyrir um og aldrei sjaldnar en einu sinni í viku.
- Skólinn áskilur sér rétt til að vísa nemanda úr áfanga ef hann svarar ekki bréfum frá kennara áður en tilskilinn frestur er liðinn, vinnur ekki eftir kennsluáætlun eða skilar verkefnum ekki á tilsettum tíma.

Sumir námsáfangar eru þess eðlis að þá er ekki unnt að stunda í fjarnámi.

Heimilt er að innheimta gjald af nemendum sem stunda fjarnám umfram venjulegt innritunargjald.

Nemendur taka oftast sömu lokapróf og nemendur sem sækja kennslustundir. Lokapróf eru haldin í desember og maí. Vægi prófa og annarra námsþátta í lokaeinkunn getur þó verið annað en hjá nemendum sem sækja kennslustundir.

Þurfi nemandi að taka próf annars staðar en á Akranesi skal hann sækja um það 4 vikum áður en prófatímabil hefst. Þurfi nemandi að taka próf utan hefðbundins próftíma sækir hann um það með sama fyrirvara. Nemandi má eiga von á að þurfa að greiða sérstaklega fyrir hið síðarnefnda.

Undanfarabrot

Nemandi sem getur útskrifast í lok annar, með því að ljúka 25 einingum hið mesta, má sækja um heimild til að taka lokaáfanga greinar og undanfara hans saman á þeirri önn.

Þegar að prófum kemur þarf nemandinn að standast undanfarann áður en próf í lokaáfanganum er tekið, eða endanlegt námsmat hefur farið fram. Falli nemandi í undanfara má hann ekki endurtaka próf í honum. Hann tekur þar með ekki próf í lokaáfanganum og fær ekki einkunn.

Frávik frá reglum um undanfara eru að jafnaði aðeins veitt ef þau eru nauðsynleg til að áform um útskrift fái staðist og nemandi hefur staðið sig vel í námsgrein eða greinaflokki sem áfangi tilheyrir.

Árekstrarheimild

Árekstrarheimild er veitt nemanda í reglulegu námi þegar áfangar, sem hann verður að stunda á viðkomandi önn, rekast á í töflu hans. Ástæður verða að vera gildar, svo sem að annars tefjist útskrift nemandans.

Nemandi verður að ráðgast við kennara viðkomandi áfanga ekki síðar en viku eftir að árekstrarheimildin hefur verið samþykkt, annars fellur hún úr gildi.

Nemandi skal sækja kennslustundir í árekstri samkvæmt samkomulagi við kennara þannig að hann geti fylgst með og tekið þátt í verkefnum. Ef nauðsynlegt er að breyta út af fyrirfram ákveðinni mætingarreglu þarf nemandi að semja um það við viðkomandi kennara. Nemandi með árekstrarheimild á ekki að þurfa, fremur en nemandi með reglulega tímasókn, að leita til kennara utan kennslustunda og hann á ekki rétt á kennslu eða leiðsögn utan kennslustunda.

Kennarar skrá fjarvistir hjá nemendum þegar þeir eru fjarverandi vegna áreksturs. Áfangastjóri leiðréttir slíkt eftir á. Nemendum með árekstrarheimild er eindregið ráðlagt að halda nákvæmt bókhald yfir fjarvistir sínar.

Undanþágur frá einstökum námsgreinum eða áföngum

Fatlaðir nemendur og nemendur með lestrar- og skriftarörðugleika eða aðra staðfesta skynjunarörðugleika geta sótt um undanþágu til skólameistara frá einstökum námsáföngum enda sé fullreynt að mati skóla að nemandinn geti ekki náð tökum á námsefninu vegna skilgreindra annmarka sem sérfræðingur á viðkomandi sviði hefur staðfest. Nemendur skulu þó taka aðra áfanga í stað þeirra sem þeir fá undanþágu frá.

Nemendur geta einnig sótt um undanþágu til skólameistara frá einni námsgrein ef þeir eiga við það mikla námsörðugleika að stríða að þeir geta ekki náð tökum á námsefninu þrátt fyrir endurteknar tilraunir. Slíkir námsörðugleikar skulu staðfestir af sérfræðingi á viðkomandi sviði. Nemendur sem fá undanþágu samkvæmt þessu skulu þó taka aðra grein í staðinn.

Áður en undanþága er veitt skal skólameistari gera nemendum grein fyrir því að undanþágan gæti skert möguleika þeirra til náms í skólum á háskólastigi eða möguleika til starfa á viðkomandi starfssviði ef um starfsnám er að ræða.

Á prófskírteini nemenda skal gera sérstaka grein fyrir undanþágum sem veittar eru samkvæmt framan-sögðu

Nemendur sem eiga annað móðurmál en íslensku eða hafa gengið í skóla utan Norðurlanda

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru máli (ÍSA) samkvæmt sérstakri námskrá. Nemendur sem hafa dvalið utan Norðurlanda á grunnskólaaldri geta sótt um að taka annað tungumál í staðinn fyrir Norðurlandamál.

Um setu nemenda í áföngum sem þeir hafa þegar staðist

Ef nemandi óskar að sitja aftur í áfanga sem hann hefur þegar staðist er honum það heimilt með samþykki deildarstjórnarfundar. Gangist nemandinn undir próf eða fullnaðarnámsmat í áfanganum gildir nýrri einkunnin.

Meðferð heimilda

Leiðbeiningar skólans um meðferð og skráningu heimilda í ritgerðum og öðrum verkefnum eru í viðauka 2 með skólanámskrá.

Námsmat og próf

Verkefni og verkefnaskil

1. Nemendur skulu vinna verkefni sem lögð eru fyrir í áföngum samkvæmt fyrirmælum kennara og kennsluáætlun.
2. Alltaf skal geta heimilda þegar notað er efni frá öðrum, hvort sem það er texti, hljóð eða mynd og hvort sem það er fengið úr bók, af vefnum eða öðrum miðlum.
3. Að skila, undir eigin nafni, lausn sem annar hefur unnið er brot á skólareglum. Alvarleg eða endurtekin brot af þessu tagi varða brottrekstri úr áfanga.

Prófreglur

1. Nemendur skulu koma stundvíslega til prófs og athuga á auglýsingatöflu skólans hverju sinni hvar þeim er ætlaður staður í prófinu. Komi nemandi of seint til prófs skerðist próftími hans sem því nemur.
2. Við skrifleg próf má nota þau gögn sem tilgreind eru á prófverkefnum. Önnur gögn mega ekki vera uppi á borðum og ekki heldur pennaveski, töskur eða aðrar hirslur. Farsíma og tölvur má ekki hafa með í próf. Sé nemandi með slík tæki á sér skal hann afhenda yfirsetumanni þau áður en prófið byrjar. Sé nemandi staðinn að því að nota óheimil hjálpargögn, veita eða þiggja hjálp, skal vísa honum frá prófi þegar í stað og leggja mál hans fyrir skólaráð. Nemandi sem er staðinn að broti af þessu tagi fær felleinkunn á prófinu og getur einnig átt von á brottvikningu úr skóla, tímabundið eða til frambúðar, eftir alvarleika brots.
3. Þegar próftíma lýkur skulu nemendur skilja prófverkefni eftir á prófborðum og yfirgefa prófstofur tafarlaust. Heimilt er að yfirgefa prófstofu við úthringingu hálfri klukkustund áður en prófi lýkur.
4. Nemandi, sem verður fyrir slysi eða veikist á próftímanum, hefur rétt til þess að taka sjúkrapróf enda skili hann læknisvottorði því til staðfestingar. Nemendur undir 18 ára aldri mega skila staðfestingu á veikindum frá forráðamönnum. Nemendum ber að tilkynna um veikindi sín til skrifstofu skólans áður en próf hefst og skila þangað vottorði innan þriggja daga. Veikist nemandi í prófi ber honum að vekja athygli prófgæslumanns sem skrifar athugasemd um það á prófúrlausn nemandans. Skal vottorði dagsettu samdægurs skilað til skrifstofu skólans.
5. Öll sjúkrapróf fara fram á sérstökum „sjúkraprófsdegi“ sem tilgreindur er í próftöflunni. Þeir einir fá að taka sjúkrapróf sem leggja fram fullgild vottorð um forföll sín. Sækja ber um sjúkrapróf til áfanga-stjóra.
6. Miðað er við að nemendur séu ekki í fleiri en fimm prófum á þremur dögum. Þurfi nemandi að taka fleiri próf á þremur dögum á hann rétt á að fá eitt prófanna fært.

Það sem segir um notkun óheimilla hjálpargagna í prófreglu númer 2 gildir eftir því sem við á um annað námsmat en skrifleg lokapróf. Ef nemandi eignar sér til dæmis verkefni sem einhver annar hefur unnið, reynir að hafa rangt við eða blekkja kennara þegar hann skilar einhverju sem hefur vægi við einkunnagjöf, þá jafn-gildir það broti á prófreglu númer 2.

Frávik frá prófreglum

Nemendur sem eiga við fötlun og/eða sértæka námsörðugleika að stríða, þurfa ekki aðeins sérstaka aðstoð í námi heldur er oft óhjákvæmilegt að gera sérstakar ráðstafanir varðandi próf og annað námsmat og ber skól-anum að gera það sem unnt er til þess að koma til móts við þarfir þeirra í þessu efni.

Fatlaðir og langveikir nemendur, nemendur með lesröskun (lestrar- eða skriftarörðugleika) eða aðra stað-festa skynjunarörðugleika geta sótt um frávik frá hefðbundnu námsmati. Þar getur m.a. verið um að ræða sérstaka samsetningu prófa, lengri próftíma, sérhönnuð próf, notkun hjálpargagna, aðstoð í prófum, munnleg próf o.fl. Þá ber einnig að hafa í huga aðrar aðferðir við að meta námsárangur þessara nemenda heldur en þær sem almennt eru notaðar í skólum.

Námsmat

Námsmat felur í sér hvers konar mat á námi nemenda og á því er lokaeinkunn nema í áfanga byggð. Nemendum þarf að vera ljóst í upphafi áfanga hvernig námsmati verður hagað. Í kennsluáætlun sem nemendur fá í öllum áföngum í upphafi annar, kemur fram með hvaða hætti námsmat fer fram í áfanganum.

Vægi einstakra þátta námsefnis í námsmati skal að jafnaði vera í samræmi við vægi þeirra í kennslu í viðkomandi grein. Kennarar bera ábyrgð á námsmati og þeir meta úrlausnir nemenda.

Aðferðir við námsmat eru ekki eins í öllum áföngum. Í kennsluáætlun áfanga sem nemendur fá í upphafi annar er gerð grein fyrir hvernig árangur þeirra verður metinn og vægi einstakra þátta í námsmati.

Í flestum áföngum er haldið lokapróf sem er venjulega stærsti hluti námsmats. Próf eru haldin í lok annar. Próftími er venjulega 9 til 10 dagar. Flesta daga er prófað tvisvar á dag.

Einkunnir fyrir próf eru gefnar í heilum tölum frá 1 til 10. Einkunnin 0 er ekki til. Heimilt er að nota annars konar einkunnir fyrir verkefni, t.d. umsagnir eða bókstafi.

Einkunnin 1 táknar að 0% til 14% námsmarkmiða sé náð

Einkunnin 2 táknar að 15% til 24% námsmarkmiða sé náð

Einkunnin 3 táknar að 25% til 34% námsmarkmiða sé náð

...

Einkunnin 9 táknar að 85% til 94% námsmarkmiða sé náð

Einkunnin 10 táknar að 95% til 100% námsmarkmiða sé náð

Til að standast próf í áfanga má einkunn ekki vera lægri en 5, þ.e. nemandi þarf að ná 45% námsmarkmiða. Þó er heimilt að brautskrá nemanda með einkunnina 4 í einstökum áföngum ef um lokaáfanga eða stakan áfanga er að ræða. Ekki fást einingar fyrir slíkan áfanga.

Falli nemandi á lokaprófi, geta verkefni ekki hækkað einkunn hans upp fyrir 4. Þessi regla á aðeins við ef prófið vegur 40% til 69% af heildarnámsmati áfanga. Fall á verkefnahluta má ekki meina nemanda að taka lokapróf og fá útreiknaða einkunn úr áfanganum í heild.

Dæmi: Lokapróf vegur 50% af lokaeinkunn og verkefni á önninni 50%.

Nemandi lýkur 30% af prófi og fær því einkunnina 3 fyrir prófið. Sami nemandi hefur fengið einkunnina 7 fyrir verkefni. Lokaeinkunn þessa nemanda er 4 (en ekki 5) því verkefnið geta einungis hækkað einkunnina upp í 4. Nemandinn er sem sagt fallinn þótt meðaltalið af prófseinkunn og annareinkunn sé 5. -

Ef lokapróf í áfanga vegur 70% eða meira í námsmati áfanga skal prófseinkunnin ein vera lokaeinkunn áfangans falli nemandinn á prófinu.

Nemendur geta líka fallið vegna lágrar einkunnar fyrir verkefni þótt þeir nái prófi.

Prófsýning

Að loknu prófi skulu nemendur eiga þess kost að skoða prófúrlausnir sínar í viðurvist kennara. Í Fjölbrautaskóla Vesturlands er prófsýning venjulega sama dag og einkunnir eru afhentar. Ef fram kemur skekkja í mati eða einkunnagjöf skal slíkt leiðrétt. Ef nemandi telur einkunnagjöf kennara ósanngjarna á hann rétt á að vísa málinu til skólameistara innan þriggja daga frá prófsýningardegi. Skólameistari hlutast þá til um, að höfðu samráði við deildarstjóra, að hlutlaus prófdómari meti úrlausn nemandans. Úrskurður prófdómara skal gilda.

Endurtektarpróf

Ef fall í einum áfanga á lokaönn kemur í veg fyrir að nemandi geti útskrifast má hann endurtaka próf í þeim áfanga. Nemandinn öðlast ekki þennan rétt fyrr en ljóst er að hann hafi náð fullnægjandi árangri í öðrum áföngum á lokaönn.

Nemendur eiga ekki rétt á endurtökuprófi í próflausum áföngum ef í áfangalýsingu eða kennsluáætlun sem nemendur fá í upphafi annar er skýrt tekið fram að áfanginn sé próflaus en námsmatið byggist á símati sem nemendur verði að standast.

Mat á ýmislegu námi

Mat á námi úr öðrum framhaldsskólum

Ef nemandi hefur stundað nám við annan framhaldsskóla sem starfar samkvæmt aðalnámskrá menntamála-
ráðuneytisins getur hann fengið áfanga sem hann hefur lokið þar metna svo framarlega sem áfangarnir eru
skilgreindir hluti af námsbraut sem hann er skráður á við Fjölbrautaskóla Vesturlands.

Nemandi getur sótt um að fá nám metið þótt um sé að ræða áfanga sem hann tekur við aðra skóla eftir að
hann innritast í Fjölbrautaskóla Vesturlands. Þegar slíkar umsóknir eru afgreiddar er miðað við eftirfarandi:

- Ef um er að ræða kjarnafög á braut skal nemandi gangast undir námsmat við Fjölbrautaskóla
Vesturlands í lokaáföngum. Frá þessu má þó gera undantekningu ef um er að ræða námsgreinar
sem ekki eru kenndar við skólann.
- Aðeins skal meta áfanga sem nemandi getur ekki með vandræðalausum hætti (þ.e. án árekstra í
töflu eða án þess að fresta námslokum) numið við Fjölbrautaskóla Vesturlands.
- Að jafnaði eru áfangar sem nemandi tekur í fjarnámi því aðeins metnir að nemandi gangist undir
lokapróf sem er á ábyrgð framhaldsskóla.

Þess er getið á prófskírteini ef nám er metið úr öðrum skólum.

Mat á ýmsum námskeiðum, óformlegu námi og starfsreynslu

- Nemandi sem náð hefur 23 ára aldri getur fengið reynslu sem hann hefur aflað sér eftir 18 ára aldur
metna til eininga. Slíkar einingar geta bæði komið í stað kjarnaáfanga í íþróttum og lífsleikni og í
staðinn fyrir frjálst val á námsbraut.
- Nemendur sem orðnir eru 23 ára gamlir, hafa náð góðum árangri í sérgreinum á starfstengdri náms-
braut og vilja flýta námslokum, eiga þess kost að semja við skólameistara um að reynsla eða óform-
legt nám komi að hluta í stað annarra almennra námsgreina en lífsleikni og íþróttar. Slíkt samkomu-
lag gildir að jafnaði einungis vegna námsloka á einni braut en ekki ef nemandinn fer síðan í áfram-
haldandi nám, til dæmis viðbótarnám til stúdentsprófs eða nám til iðnmeistaraprófs.
- Nemendur sem ekki falla undir liði a og b hér að ofan en hafa aflað sér kunnáttu, færni eða þekk-
ingar með störfum, á námskeiðum eða með þátttöku í listum og félagslífi geta sótt um að fá þá
menntun metna til eininga. Að jafnaði er við það miðað að slíkt nám sé þá aðeins metið að það flýti
fyrir útskrift af námsbrautinni sem nemandi er skráður á.

Mat á námi við tónlistarskóla

Nemendur sem ljúka framhaldsprófi tónlistarskóla geta fengið námið metið sem fullgilt kjörsviðsnám á list-
námsbraut, þ.e. 45 einingar. Sama gildir um þá sem lokið hafa fullgildum miðprófum í tveimur tónlistar-
greinum og framhaldsprófi í tónfræðigreinum.

Hafi nemandi áður lokið grunnprófi tónlistarskóla að fullu er tónlistarnám hans á miðstigi eða ofar metið til
allt að 12 eininga á kjörsviði bóknámsbrauta.

Nemendur sem stundað hafa nám í hljóðfæraleik, söng og tónfræðigreinum á grunnstigi tónlistarskóla geta
sótt um að fá það metið sem allt að 8 einingar af frjálssu vali á námsbraut sinni.

Til grunnstigs tónlistarskóla teljast áfangarnir: HLF102, HLF202, HLF302. (Þótt þessir áfangar séu samtals
aðeins 6 einingar geta nemendur lokið meira en 6 einingum á grunnstigi með því að taka einhverja þeirra á
tvö mismunandi hljóðfæri.)

Til miðstigs teljast áfangarnir: HLF404, HLF504, HFR102, HFR202, TÓH101, TÓH201, TÓS102, TÓS202.

Til framhaldsnáms teljast áfangarnir: HLF606, HLF706, HFR302, HFR402, TÓH301, TÓH401, TÓS302.

Mat á þjálfun hjá íþróttafélagi

Þjálfari nemanda sem æfir að jafnaði 6 sinnum í viku, eða oftar, hjá íþróttafélagi sem ÍSí viðurkennir getur sótt um að nemandinn sé undanþeginn vissum áföngum eða áfangahlutum í íþróttum.

Í upphafi annar þarf nemandi að skila til skólans æfingaáætlun frá þjálfara þar sem greinilega kemur fram hvernig æfingum verður hagað á önninni. Sé umsóknin samþykkt skal nemandi skila staðfestingu frá þjálfara í lok annar þar sem fram kemur að nemandinn hafi stundað æfingar eins og æfingaáætlun gerði ráð fyrir. Að jafnaði er slík undanþága aðeins veitt nemanda sem lokið hefur áföngunum ÍÞR102 og ÍÞR202.

Skólameistari ákveður, í samráði við deildarstjóra í íþróttum, hvort og að hve miklu leyti beri að meta þjálfun íþróttamannsins svo að hún komi að hluta í stað íþróttakennslu skólans.

Að hámarki geta nemendur fengið eina námseiningu metna, vegna þjálfunar sinnar, fyrir hverja önn, þó aldrei fleiri en átta einingar.

Mat á þátttöku í félagsstörfum á vegum nemendafélags

Skólaráð ákveður í lok hverrar annar, að fengnum tillögum frá stjórn nemendafélags, hvaða nemendur fá einingar fyrir störf að félagsmálum á vegum nemendafélagsins.

Að jafnaði er við það miðað að þeir sem leggja af mörkum verulega vinnu fyrir nemendafélagið geti fengið á bilinu 1 til 3 einingar á skólaári.

Þjónusta við nemendur með sértæka námserfiðleika

Skólinn leitast við að veita öllum nemendum sínum kennslu við hæfi og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda. Hann leggur jafnframt áherslu á að hver nemandi ber ábyrgð á námi sínu. Nemendur sem glíma við námserfiðleika geta þurft að verja lengri tíma til heimanáms en aðrir. Stuðningur skólans er skipulagður fyrir þá sem sjálfir eru tilbúnir til að leggja sig fram.

Forsenda þess að skólinn komi til móts við nemendur með lesblindu eða aðra sértæka námserfiðleika er að þeir, eða forráðamenn þeirra, láti námsráðgjafa vita af erfiðleikum sínum.

Námsráðgjafar leiðbeina nemendum og láta þá vita hvernig þeir sækja um að skólinn taki tillit til erfiðleika sem þeir glíma við.

Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Samkvæmt 3. grein reglugerðar - um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku (nr. 654 frá 2. júlí 2009) skulu framhaldsskólar setja sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Áætlunin skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni, færni á öðrum námssviðum og af þeirri kennslu og stuðningi sem veitt er. Í áætluninni er fjallað um innritun nemenda, samstarf við grunnskóla, hvernig staðið er að fyrsta viðtali við nemendur, einstaklingsnámskrá og samstarfi kennara og námsráðgjafa nemenda.

Innritun

Nemendur geta sótt um skólavist á rafrænu formi í gegnum Menntagátt eða fyllt út umsókn og skilað á skrifstofu skólans. Námsráðgjafar hafa síðan samband við viðkomandi nemanda og boða í viðtal ásamt foreldrum.

Samstarf við grunnskóla

Þegar nemandi með annað móðurmál en íslensku innritast í skólann úr grunnskólum hér á landi munu námsráðgjafar hafa samband við viðkomandi skóla til að nálgast upplýsingar um bakgrunn nemenda og aðstæður foreldra þeirra svo betur sé hægt að mæta einstaklingsbundnum þörfum hvers og eins.

Fyrsta viðtal - móttökuviðtal

Námsráðgjafar sjá um og skipuleggja móttökuviðtöl við hvern nemanda og foreldra hans. Skólinn útvegar túlk til að vera í viðtölunum ef þörf þykir. Á þessum fundum er gerð grein fyrir helstu starfsháttum skóla, þjónustu, samstarfi og reglum. Í viðtalinu verður kynntur sá stuðningur sem stendur nemandanum til boða s.s. aðgengi að námsráðgjöfum, kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og fleira. Á fundinum eru einnig veittar helstu upplýsingar varðandi nemendafélag skólans.

Einstaklingsnámskrá

Námsráðgjafar í samráði við deildarstjóra og viðkomandi nemendur skipuleggja hvaða áfanga nemandi tekur. Þó skulu allir nemendur sem á þurfa að halda taka áfanga í íslensku sem öðru tungumáli. Áhersla er lögð á að nemendur sækji einnig almenna áfanga til að rjúfa félagslega einangrun sé hún til staðar og styrkja tengslin milli erlendra og íslenskra nemenda. Einnig munu námsráðgjafar útvega félagastuðning úr jafningjahópnum fyrir nemendur sem þeir telji að þess þurfi.

Samstarf kennara og námsráðgjafa

Námsráðgjafar halda utan um og skipuleggja samstarf og fundi með kennurum nemenda með annað móðurmál en íslensku og sjá um tengsl við annað starfsfólk skólans s.s. á bókasafni, í mötuneyti, á heimavist ofl.

Reglur heimavistarbúa

Reglur þessar eru settar til að tryggja vistarbúum heimilisfrið.

1. Skólameistari fer með stjórn heimavistar og vistarstjórar í umboði hans.
2. Allir gestir eiga að vera komnir út úr húsinu kl. 23 nema á föstudags- og laugardagskvöldum þegar þeim er heimilt að dvelja til kl. 01. Þá skal jafnframt vera komin á kyrrð í húsinu. Komi vistarbúar seinna heim en hér greinir skulu þeir hverfa hljóðlega til herbergja sinna.
3. Vistarbúum er óheimilt að dvelja utan vistar á tímanum kl. 24 til 07 virka daga og kl. 02 til 07 föstudags- og laugardagskvöld nema með leyfi vistarstjóra.
4. Ef vistarbúar óska eftir að fara burt um helgi eða yfir nótt skal fá til þess samþykki vistarstjóra og jafnframt gefa upp verustað og áætlaðan komutíma.
5. Vistarbúar bera ábyrgð á gestum sínum. Reglur þessar gilda einnig fyrir gesti vistarbúa.
6. Vistarbúar, eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri, eru fjárhagslega ábyrgir fyrir skemmdum sem þeir eða gestir þeirra valda á húsnæði eða munum heimavistar.
7. Nemendur skulu sjálfir sjá um þrif á herbergjum sínum og sameiginlegum vistarverum og tiltekt á lóð heimavistar eftir nánari ákvörðun hverju sinni.
8. Nemendur skulu jafnan forðast að valda ónæði og spilla vinnufriði. Kl. 18 til 20 virka daga er lestími á vistinni. Þá skulu nemendur varast sérstaklega að gera nokkuð sem truflar heimanámið og hafa umgang í lágmarki.
9. Notkun og geymsla áfengis og hvers kyns vímugjafa er stranglega bönnuð á heimavistinni, á lóð heimavistar og annars staðar í skólanum. Þurfi að hafa afskipti af vistarbúa vegna neyslu hans á áfengi eða öðrum vímugjöfum verður hann að víkja af vistinni tafarlaust.
10. Nemendur á heimavist skulu stunda nám sitt af alúð og kostgæfni. Vistarbúi skal ljúka a.m.k. 12 námseiningum á önn, eða ljúka 24 kennslustunda námi með fullnægjandi árangri, til að öðlast rétt á heimavistarplássi á næstu önn. Ef skólasóknareinkunn vistarbúa er lægri en 7 á hann á hættu að missa pláss sitt á vistinni á næstu önn.
11. Reykingar eru bannaðar á heimavistinni og við inngang hennar.
12. Þurfi skólameistari eða skólaráð að áminna vistarbúa þrisvar sinnum vegna brota á reglum þessum (öðrum en reglu 9) þarf hann að víkja af vistinni.

Inntökuskilyrði á námsbrautir og í áfanga

Allir sem lokið hafa námi í grunnskóla eða öðru jafngildu námi eiga kost á að hefja nám við Fjölbrautaskóla Vesturlands. Inntökuskilyrði á einstakar brautir eru talin upp hér á eftir.

Nemendur, sem hafa náð 18 ára aldri, geta sótt um inngöngu á einstakar brautir þótt þeir uppfylli ekki eftirtaldir lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla.

Auk inntökuskilyrða á námsbrautir eru undanfarakröfur í einstaka áfanga. Inntökuskilyrði í nokkra áfanga með númer sem byrja á 1 eru talin upp hér að neðan. Nemandi sem uppfyllir formleg inntökuskilyrði á námsbraut getur þurft að taka fornámsáfanga í einstökum námsgreinum áður en hann hefur nám í þeim samkvæmt brautarlýsingu.

Starfstengdar námsbrautir

Starfstengdar námsbrautir við Fjölbrautaskóla Vesturlands eru: grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM); grunnnám málmiðnagreina (MG); grunnnám rafiðna (GR); húsasmíði (HÚ8); rafvirkjun (RK8 og RK9); sjúkraliðabraut (SJ); tölvufræðibraut (TFB); vélstjórnarbraut 1. stig (VV1), vélvirkjabraut (VS8); viðskiptabraut (VI).

Nemandi sem innritast á starfsnámsbraut skal hafa lokið námi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og útskrifast með einkunn 5 eða hærri í íslensku og stærðfræði.

Nemandi sem ekki uppfyllir þessi skilyrði getur öðlast rétt til að hefja nám á starfsnámsbrautum með því að ljúka fyrst almennri námsbraut við skólann.

Á sumum starfsnámsbrautum er aðeins unnt að taka við takmörkuðum nemendafjölda. Ef ekki er hægt að veita inngöngu öllum umsækjendum sem uppfylla ofangreind inntökuskilyrði þá er höfð hliðsjón af einkunn fyrir ástundun eða skólasókn, og námsárangur í öðrum greinum þar sem það á við, þegar valið er milli umsækjenda.

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs við Fjölbrautaskóla Vesturlands eru: félagsfræðibraut (FÉ); málabraut (MB); náttúrufræðibraut (NÁ). Einnig er hægt að ljúka stúdentsprófi með viðbótarnámi eftir starfsnám (VSS).

Nemandi sem innritast á bóknámsbraut skal hafa lokið námi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og útskrifast með einkunnir sem eru að lágmarki eins og taflan sýnir.

Heimilt er að veita nemendum sem hafa góða einkunn fyrir ástundun undanþágu þótt þeir hafi of lága einkunn í einni grein.

Nemandi sem ekki uppfyllir inntökuskilyrði á bóknámsbrautir til stúdentsprófs getur öðlast rétt til að hefja nám á þeim með því að ljúka fyrst almennri námsbraut við skólann og áföngum númer 102 eða 103 í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði.

	danska	enska	íslenska	stærðfræði	náttúrufræði	samfélagsfræði
félagsfræðibraut	5	6	6	5	5	6
málabraut	6	6	6	5	5	5
náttúrufræðibraut	5	5	6	6	6	5

Ekki eru formleg inntökuskilyrði í viðbótarnám til stúdentsprófs eftir starfsnám.

Listnámsbraut

Nemandi sem innritast á listnámsbraut skal hafa lokið námi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og útskrifast með einkunn 5 eða hærrí í íslensku og stærðfræði. Nemandi þarf að hafa lagt stund á listnám í grunnskóla eða sérskóla eða geta sýnt með öðrum hætti að námið henti honum.

Almenn námsbraut

Þeir sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði til inntöku á aðrar námsbrautir eiga kost á að hefja nám á almennri námsbraut (AF eða AU).

Inntökuskilyrði í áfanga

Auk inntökuskilyrða á námsbrautir, sem fjallað er um hér fyrir ofan, eru í gildi inntökuskilyrði eða undanfara-kröfur í einstaka áfanga. Meðal annars eru inntökuskilyrði í eftirtalda áfanga með númer 102, 103, 113 og 123 sem hér segir:

DAN 102:	Einkunn 5,0 – 6,9 í dönsku á grunnskólaprófi eða DAN 193.
DAN 103:	Einkunn 7,0 – 10 í dönsku á grunnskólaprófi.
ENS 102:	Einkunn 5,0 – 6,9 í ensku á grunnskólaprófi eða ENS 193.
ENS 103:	Einkunn 7,0 – 10 í ensku á grunnskólaprófi.
FÉL 103:	Einkunn 5,0 í samfélagsgreinum á grunnskólaprófi eða ÍSL 102.
HAG 103:	Einkunn 5,0 í samfélagsgreinum á grunnskólaprófi eða ÍSL 102.
HAG 113:	Einkunn 5,0 í samfélagsgreinum á grunnskólaprófi eða ÍSL 102.
ÍSL 102:	Einkunn 5,0 – 6,9 í íslensku á grunnskólaprófi eða ÍSL 193 og ÍSL 293.
ÍSL 103:	Einkunn 7,0 – 10 í íslensku á grunnskólaprófi.
NÁT 103:	Einkunn 5,0 í náttúrufræði á grunnskólaprófi eða STÆ 103 eða STÆ 102 og STÆ 122.
NÁT 113:	Einkunn 5,0 í náttúrufræði á grunnskólaprófi eða STÆ 103 eða STÆ 102 og STÆ 122.
NÁT 123:	Einkunn 5,0 í náttúrufræði á grunnskólaprófi eða STÆ 103 eða STÆ 102 og STÆ 122.
SAG 103:	Einkunn 5,0 í samfélagsgreinum á grunnskólaprófi eða ÍSL 102.
SÁL 103:	Einkunn 5,0 í samfélagsgreinum á grunnskólaprófi eða ÍSL 102.
STÆ 102:	Einkunn 5,0 – 6,9 í stærðfræði á grunnskólaprófi eða STÆ 193 og STÆ 293.
STÆ 103:	Einkunn 7,0 – 10 í stærðfræði á grunnskólaprófi.
UPP 103:	Einkunn 5,0 í samfélagsgreinum á grunnskólaprófi eða ÍSL 102.

Námsbrautir

Almenn námsbraut

Almenn námsbraut er opin öllum nemendum. Þeir sem ljúka brautinni uppfylla þar með almenn inntökuskilyrði á námsbrautir aðrar en bóknámsbrautir til stúdentsprófs.

Þeir sem hefja nám á almennri braut og ætla síðan á bóknámsbraut til stúdentsprófs þurfa annað hvort að ljúka áföngum númer 102 eða 103 í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði á almennri námsbraut eða almennri námsbraut - tækninámi.

Áfangar sem hafa millitöluna 9 (eins og t.d. ÍSL1936 og STÆ1936) eru metnir til eininga á almennri námsbraut en ekki á öðrum námsbrautum.

Brautin skiptist í 5 línur:

1. Almenn námsbraut - undirbúningsnám
2. Almenn námsbraut - heilbrigðisnám
3. Almenn námsbraut - tækninám
4. Almenn námsbraut - viðskiptanám
5. Almenn námsbraut - fornám

Almenn námsbraut - undirbúningsnám (AU)

Almenn námsbraut er opin öllum nemendum. Brautin er ætluð þeim sem lokið hafa grunnskólaprófi en uppfylla ekki skilyrði til inngöngu á aðrar námsbrautir framhaldsskóla. Meginmarkmið brautarinnar er að veita góða undirstöðu í kjarnagreinunum (íslensku og stærðfræði) og jafnframt að gefa nemendum tækifæri til að glíma við fjölbreytileg viðfangsefni í list- og verknámi og búa þá undir frekara nám eða störf. Lögð er áhersla á að auka færni nemenda í samskiptum og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Nemendur sem ljúka brautinni uppfylla þar með almenn inntökuskilyrði á námsbrautir aðrar en bóknámsbrautir til stúdentsprófs. Þeir sem hefja nám á almennri braut og ætla síðan á bóknámsbraut til stúdentsprófs þurfa að ljúka áföngum númer 102 eða 103 í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði á almennri námsbraut. Þeim sem ætla af almennri námsbraut á iðn- eða verknámsbraut er ráðlagt að velja grunnteikningu 103.

Áfangar sem hafa millitöluna 9 (eins og t.d. ÍSL1936 og STÆ1936) eru metnir til eininga á almennri námsbraut en ekki á öðrum námsbrautum.

Áfangar á almennri námsbraut - undirbúningsnámi (26 ein.)

Kjarni (9 - 13 ein.)

Íslenska	ÍSL 102 103 X93	2 - 3 ein.
Íþróttir		2 - 4 ein.
Lífsleikni		3 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 103 X93	2 - 3 ein.

Frjálst val nemanda (13 - 17 ein.)

Alls: 26 ein.

Breytilegt er frá ári til árs hvaða valgreinar eru í boði á almennri námsbraut.

Almenn námsbraut – heilbrigðisnám (AH)

Almenn námsbraut – heilbrigðisnám er fyrir nemendur sem hafa áhuga á áframhaldandi námi í heilbrigðisgreinum en hentar einnig þeim sem sækjast eftir breiðri almennri menntun og ætla sér að ljúka bók námsbraut til stúdentsprófs.

Meginmarkmið brautarinnar er að veita samhlíða góða undirstöðu í heilbrigðisgreinum undirbúning fyrir frekara nám og margvísleg störf. Lögð er sérstök áhersla á ábyrgja afstöðu til heilbrigðis- og velferðar, vinnusemi og þjálfun í góðum vinnubrögðum.

Inntökuskilyrði eru þau sömu og á starfstengdar námsbrautir.

Áfangar í almennu heilbrigðisnámi (35 ein.)

Almennar greinar (16 einingar)

<u>Enska</u>	ENS 1026	2 ein.
<u>Íslenska</u>	ÍSL 1026, 2026	4 ein.
<u>Íþróttir</u>		2 - 4 ein.
<u>Lífsleikni</u>	LKN 1036	3 ein.
<u>Stærðfræði</u>	STÆ 1026	2 ein.
<u>Upplýsingatækni</u>	UTN 1036	3 ein.

Sérgreinar (19 einingar)

Heilbrigðisfræði	HBF 1036	3 ein.
<u>Líffæra-</u> og lífeðlisfræði	LOL 1036 eða LÍF1836	3 ein.
Náttúruvísindi	NÁT 1036, 1236	6 ein.
Næringarfræði	NÆR 1036	3 ein.
Sálfræði	SÁL 1036	3 ein.
Skyndihjálp	SKY 1012	1 ein.

Alls: 35 ein.

Almenn námsbraut – tækninám (AT)

Almenn námsbraut – tækninám er fyrir nemendur sem hafa áhuga á áframhaldandi námi í iðn- eða tæknigreinum en hentar einnig þeim sem sækjast eftir breiðri almennri menntun og ætla sér að ljúka bók námsbraut til stúdentsprófs. Þar sem aðeins er rúm fyrir takmarkaðan fjölda nemenda á brautinni hafa þeir umsækjendur forgang sem sem sýnt hafa besta ástundun og alhliða árangur í námi.

Meginmarkmið brautarinnar er að veita samhliða góða undirstöðu í handverki, tækni og bóklegum greinum og undirbúning fyrir frekara nám og margvísleg störf. Lögð er sérstök áhersla á sköpun, iðjusemi og þjálfun í góðum vinnubrögðum.

Nemendur sem ljúka brautinni uppfylla þar með almenn inntökuskilyrði á allar aðrar námsbrautir við skólann.

Áfangar á almennri námsbraut - tækninámi (35 ein.)

Almennar greinar (11 einingar)

<u>Enska</u>	ENS 1026	2 ein.
<u>Íslenska</u>	ÍSL 1026	2 ein.
<u>Íþróttir</u>		2 - 4 ein.
<u>Lífsleikni</u>	LKN 1036	3 ein.
<u>Stærðfræði</u>	STÆ 1026	2 ein.

Sérgreinar (21 eining)

Efnis- og rafmagnsfræði	EFR 1836	3 ein.
Grunnteikning	GRT 1036, 2036	6 ein.
<u>Upplýsingatækni</u>	UTN 1036 eða 1836*	3 ein.
Verktækni	VTG 1836, 286C**	9 ein.
<u>Framkvæmdir</u> og vinnuvernd	ÖVM 1836***	3 ein.

Alls: 35 ein.

* Upplýsingatækniáfangi með áherslu á teikningu og notkun töflureiknis.

** Verklegt nám í járn- og trésmíði.

*** Þessi áfangi inniheldur efni áfanganna ÖRF101 og SKY101 auk hluta af efni úr áfanganum FRV103.

Almenn námsbraut – viðskiptanám (AV)

Almenn námsbraut – viðskiptanám er fyrir fullorðna nemendur sem ekki hafa lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi og vilja bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Meginmarkmið brautarinnar er að veita góða undirstöðu í kjarnagreinunum (íslensku og stærðfræði), viðskiptagreinum og upplýsingatækni.

Nemendur sem ljúka brautinni uppfylla þar með almenn inntökuskilyrði á námsbrautir aðrar en bóknámsbrautir til stúdentsprófs. Þeir sem hefja nám á almennri braut og ætla síðan á bóknámsbraut til stúdentsprófs þurfa að ljúka áföngum númer 102 eða 103 í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði á almennri námsbraut.

Áfangar á almennri námsbraut - viðskiptanámi (26 ein.)

Almennar greinar (4 - 6 ein.)

Íslenska	ÍSL 102 103 X93	2 - 3 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 103 X93	2 - 3 ein.

Sérgreinar (18 ein.)

Bókfærsla	BÓK 103	3 ein.
Hagfræði	HAG 103, 113	6 ein.
Viðskiptalögfræði	VIÐ 143	3 ein.
Upplýsingatækni	UTN 103, 203	6 ein.

Val nemanda (2 - 4 ein.)

Alls: 26 ein.

Almenn námsbraut – fornám (AF)

Almenn námsbraut – fornám er fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning á fyrsta ári í framhaldsskóla. Nemendur sem ljúka henni uppfylla þar með almenn inntökuskilyrði á námsbrautir aðrar en bóknámsbrautir til stúdentsprófs. Þeir sem ætla á bóknámsbraut til stúdentsprófs þurfa að ljúka áföngum númer 102 eða 103 í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði.

Meginmarkmið brautarinnar er að auka hæfni nemenda til náms á framhaldsskólastigi og færni í samskiptum og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Samsetning náms er ákveðin af skóla og gerður er samningur um ástundun við hvern nemanda.

Til að ljúka brautinni þarf a.m.k. að ná 26 einingum, þar af 2 einingum í hverri eftirtalinna greina: Íslensku, íþróttum, lífsleikni og stærðfræði.

Iðn- og verknámsbrautir

Iðnbrautir við Fjölbrautaskóla Vesturlands skiptast í þrjá flokka: Málmíðngreinar, rafiðngreinar og bygginga- og mannvirkjagreinar. Auk þess er sum skólaár boðið upp á 1. stig vélstjóranáms.

Nemandi sem innritast á iðn-, eða verknámsbraut skal hafa lokið námi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og útskrifast með einkunn 5 eða hærri í íslensku og stærðfræði. Nemandi sem ekki uppfyllir þessi skilyrði getur öðlast rétt til að hefja nám á starfsnámsbrautum með því að ljúka fyrst almennri námsbraut við skólann.

Á sumum iðn- og verknámsbrautum er aðeins unnt að taka við takmörkuðum nemendafjölda. Ef ekki er hægt að veita inngöngu öllum umsækjendum sem uppfylla ofangreind inntökuskilyrði þá er höfð hliðsjón af einkunn fyrir ástundun eða skólasókn, og námsárangur í öðrum greinum þar sem það á við, þegar valið er milli umsækjenda.

Nemandi sem hefur lokið iðnnámi getur bætt við sig viðbótarnámi til stúdentsprófs.

Kennsla á einstökum iðn- og verknámsbrautum er háð því að nægilega margir nemendur séu innritaðir á þær og sum ár kann kennsla á einhverjum námsbrautum sem hér er lýst að falla niður. Nemendum sem hyggja á nám á einhverri þessara brauta er bent á að hafa samband við skólastjórnendur eða námsráðgjafa til að fá upplýsingar um hvort og þá hvenær sérgreinar brautarinnar verða í boði.

Grunnnám málmiðngreina (MG)

Markmið grunnnáms málmiðngreina er að nemendur hljóti almenna og faglega undirstöðumenntun til þess að takast á við sérnám til starfsréttinda í blikksmíði, rennismíði, stálsmíði eða vélvirkjun. Meðalnámstími grunnnáms málmiðngreina er fjórar annir.

Áfangar í grunnnámi málmiðna (80 ein.)

Almennar greinar (27 ein.)

Íslenska	ÍSL	102, 202	4 ein.
Danska*	DAN	102	2 ein.
Enska	ENS	102, 202, 212	6 ein.
Lífsleikni	LKN	103	3 ein.
Náttúruvísindi	NÁT	123	3 ein.
Skyndihjálp	SKY	101	1 ein.
Stærðfræði	STÆ	102, 122	4 ein.
Íþróttir	ÍÞR	102, 202	4 ein.

Sérgreinar (53 ein.)

Aflvélavirkjun	AVV	102, 202	4 ein.
Efnisfræði	EFM	103	3 ein.
Grunnteikning	GRT	103, 203	6 ein.
Handavinna	HVM	103, 203, 303, 403	12 ein.
Hlífðargassuða	HSU	102	2 ein.
Logsuða	LSU	102	2 ein.
Plötuvinna	PLV	102, 202	4 ein.
Rafeindatækni	RAM	103	3 ein.
Rafmagnsfræði	RAF	113	3 ein.
Rafsuða	RSU	102	2 ein.
Rennismíði	REN	103, 203	6 ein.
Tölvuteikning	TTÖ	103	3 ein.
Vélfræði	VFR	102	2 ein.
Öryggismál	ÖRF	101	1 ein.

Nemendum á málmiðnabraut sem ekki hafa nægilega undirstöðu í tölvunotkun og upplýsingatækni er ráðlagt að bæta við nám sitt áfanganum UTN103.

* Í stað dönsku má taka norsku eða sænsku.

Vélstjóranám 1. stigs (VV1)

Vélavarðanám

Námið veitir að loknum 6 mánaða siglingatíma atvinnuréttindi til starfa sem yfirvéltjóri á skipi með aðalvél allt að 375 kW og undirvéltjóri eða dagmaður á stærri skipum. Meðalnámstími er ein önn.

Áfangar í vélstjóranámi 1. stigs, vélavarðar (17 ein.)

Sérgreinar (17 ein.)

Málmsuða	MLS	102	2 ein.
Rafmagnsfræði	RAF	103	3 ein.
Skyndihjálp	SKY	101	1 ein.
Smíðar	SMÍ	104	4 ein.
Vélstjórn	VST	103, 204	7 ein.

Vélvirkjun - iðnnám á verknámsbraut (VS8)

Vélvirkjun er löggilt iðngrein. Meðalnámstími í vélvirkjun er fjögur ár, samtals 6 annir í skóla og 60 vikna starfsþjálfun. Markmið námsins er að gera nemendum kleift að takast á við þau viðfangsefni sem vélvirkjar inna af hendi, þ.e. uppbyggingu og viðhald véla, kælikerfa og loftstýringa, bílanaleit og stýringar. Náminu lýkur með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Áfangar í vélvirkjun á verknámsbraut (40 ein. eftir að 80 ein. á MG er lokið, alls 120 ein.)

Almennar greinar (29 ein.)

Íslenska	ÍSL	102, 202	4 ein.
Danska*	DAN	102	2 ein.
Enska	ENS	102, 202, 212	6 ein.
Lífsleikni	LKN	103	3 ein.
Náttúruvísindi	NÁT	123	3 ein.
Skyndihjálþ	SKY	101	1 ein.
Stærðfræði	STÆ	102, 122	4 ein.
Íþróttir	ÍÞR	102, 202 + 2 ein.	6 ein.

Sérgreinar (91 ein.)

Aflvélavirkjun	AVV	102, 202, 303	7 ein.
CNC-stýringar	CNC	103	3 ein.
Efnisfræði	EFM	103, 301	4 ein.
Grunnteikning	GRT	103, 203	6 ein.
Gæðavitund	GÆV	101	1 ein.
Handavinna	HVM	103, 203, 303, 403, 503, 603	18 ein.
Hlífðargassuða	HSU	102	2 ein.
Iðnreikningur	IRM	102, 202	4 ein.
Iðnteikning	ITM	113	3 ein.
Kælitækni	KÆL	122	2 ein.
Logsuða	LSU	102	2 ein.
Lagnatækni	LAG	112	2 ein.
Plötuvinna	PLV	102, 202	4 ein.
Rafeindatækni	RAT	103	3 ein.
Rafmagnsfræði	RAF	113	3 ein.
Rafsuða	RSU	102, 202	4 ein.
Rennismiði	REN	103, 203	6 ein.
Stýritækni	STY	102, 202	4 ein.
Tölvuteikning	TTÖ	103, 203	6 ein.
Vélfræði	VFR	102, 222	4 ein.
Vökvatækni	VÖK	102	2 ein.
Öryggismál	ÖRF	101	1 ein.

* Í stað dönsku má taka norsku eða sænsku.

Grunnnám rafiðna (GR)

Meginmarkmið grunnnáms rafiðna er að veita almenna og faglega undirstöðumenntun undir sérnám í rafiðngreinum, þ.e. rafeindavirkjun, rafvirkjun og rafvélavirkjun, rafveituvirkjun og kvikmyndasýningarstjórn. Námið er jafnframt skilyrði til innritunar í sérnám þessara greina. Meðalnámstími er fjórar annir í skóla.

Áfangar í grunnnámi rafiðna (80 ein.)

Almennar greinar (23 ein.)

Íslenska	ÍSL	102, 202	4 ein.
Danska* og Enska	DAN	102	2 ein.
	ENS	102	2 ein.
	+ 4 ein. í ensku eða dönsku*		4 ein.
Lífsleikni	LKN	103	3 ein.
Stærðfræði	STÆ	102, 122	4 ein.
Íþróttir	ÍÞR	102, 202	4 ein.

Sérgreinar (57 ein.)

Rafeindatækni og mælingar	RTM	102 202 302	6 ein.
Raflagnir	RAL	103 203 302 402	10 ein.
Rafmagnsfræði og mælingar	RAM	103 203 303 403	12 ein.
Skyndihjálpi	SKY	101	1 ein.
Stýringar og rökrásir	STR	102 202 302 402	8 ein.
Tölvur og nettækni	TNT	102 202 303 403	10 ein.
Verktækni grunnnáms	VGR	102 202 303 403	10 ein.

* Í stað dönsku má taka norsku eða sænsku.

Rafvirkjun - iðnnám á verknámsbraut (RK8)

Rafvirkjun er löggilt iðngrein. Meginmarkmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þekkingu og færni til að takast á við störf rafvirkja einkum við lagningu raflagna, uppsetningu og tengingu rafbúnaðar, mælingar, eftirlit, viðhald og viðgerðir á rafbúnaði. Meðalnámstími er fjögur ár að meðtöldu grunnnámi rafiðna, þar af eru sjö annir í skóla og 24 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Áfangar í rafvirkjun á verknámsbraut (60 ein. eftir að 80 ein. á GR er lokið, alls 140 ein.)

Almennar greinar (26 ein.)

Íslenska	ÍSL 102, 202	4 ein.
Danska* og Enska	DAN 102	2 ein.
	ENS 102	2 ein.
	+ 4 ein. í ensku eða dönsku*	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Stærðfræði	STÆ 102, 122	4 ein.
Íþróttir	ÍÐR 102, 202 + 3 ein.	7 ein.

Sérgreinar (114 ein.)

Forritanleg raflagnakerfi	FRL 103, 203	6 ein.
Lýsingartækni	LÝS 103	3 ein.
Rafeindatækni og mælingar	RTM 102, 202, 302	6 ein.
Raflagnateikningar	RLT 102, 202, 302	6 ein.
Raflagnir	RAL 103, 203, 302, 402, 503, 603, 704	20 ein.
Rafmagnsfræði og mælingar	RAM 103, 203, 303, 403, 502, 602, 702	18 ein.
Rafvélar	RRV 103, 203, 302	8 ein.
Reglugerðir	RER 103	3 ein.
Skyndihjálp	SKY 101	1 ein.
Smáspennuvirki	VSM 103, 203	6 ein.
Stýringar og rökrásir	STR 102, 202, 302, 402, 503, 603	14 ein.
Tölvur og nettækni	TNT 102, 202, 303, 403	10 ein.
Verktækni grunnnáms	VGR 102, 202, 303, 403	10 ein.
Valið lokaverkefni	VLV 103	3 ein.

* Í stað dönsku má taka norsku eða sænsku.

Rafvirkjun – samningsbundið iðnnám (RK9)

Rafvirkjun er löggilt iðngrein. Meginmarkmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þekkingu og færni til að takast á við störf rafvirkja einkum við lagningu raflagna, uppsetningu og tengingu rafbúnaðar, mælingar, eftirlit, viðhald og viðgerðir á rafbúnaði. Meðalnámstími er fjögur ár að meðtöldu grunnnámi rafiðna, þar af eru sex annir í skóla og 48 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Áfangar í rafvirkjun — samningsbundnu iðnnámi (35 ein. eftir að 80 ein. á GR er lokið, alls 115 ein.)

Almennar greinar (25 ein.)

Íslenska	ÍSL 102, 202	4 ein.
Danska* og Enska	DAN 102	2 ein.
	ENS 102	2 ein.
	+ 4 ein. í ensku eða dönsku*	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Stærðfræði	STÆ 102, 122	4 ein.
Íþróttir	ÍÐR 102, 202 + 2 ein.	7 ein.

Sérgreinar (90 ein.)

Forritanleg raflagnakerfi	FRL 103, 203	6 ein.
Lýsingartækni	LÝS 103	3 ein.
Rafeindatækni og mælingar	RTM 102, 202, 302	6 ein.
Raflagnateikningar	RLT 102, 202, 302	6 ein.
Raflagnir	RAL 103, 203, 302, 402	10 ein.
Rafmagnsfræði og mælingar	RAM 103, 203, 303, 403, 502, 602, 702	18 ein.
Reglugerðir	RER 103	3 ein.
Skyndihjálp	SKY 101	1 ein.
Smáspennuvirki	VSM 103, 203	6 ein.
Stýringar og rökrásir	STR 102, 202, 302, 402, 503	11 ein.
Tölvur og nettækni	TNT 102, 202, 303, 403	10 ein.
Verktækni grunnnáms	VGR 102, 202, 303, 403	10 ein.

* Í stað dönsku má taka norsku eða sænsku.

Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM)

Grunnnámið veitir almenna og faglega undirstöðumenntun undir sérnám í bygginga- og mannvirkjagreinum, þ.e. húsmíði, húsgagnsmíði, málaraíð, múraraíð, pípulögnum og veggfóðrun/dúkalögn. Meðalnámstími er ein önn í skóla.

Áfangar í grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina (22 ein.)

Almennar greinar (7 ein.)

Lífsleikni	LKN	103	3 ein.
Stærðfræði	STÆ	102	2 ein.
Íþróttir	ÍÞR	102	2 ein.

Sérgreinar (15 ein.)

Efnisfræði grunnnáms	EFG	103	3 ein.
Framkvæmdir og vinnuvernd	FRV	103	3 ein.
Grunnteikning	GRT	103	3 ein.
Verktækni grunnnáms*	VTG	106	6 ein.

*Ef nemandi hefur náð 20 ára aldri þegar hann hefur nám á brautinni má hann sleppa áfanganum VTG106.

Húsasmíði - iðnnám á verknámsbraut (HÚ8)

Húsasmíði er löggilt iðngrein. Meðalnámstími er fjögur ár að meðtöldu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina, samtals fimm annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun. Meginmarkmið með námi í húsasmíði er að nemendur öðlist skilning, þekkingu og færni til að sinna allri smíðavinnu í bygginga- og mannvirkjaiðnaði hvort sem er verkstæðis- og innréttingavinna, úti- og innivinna á byggingastað eða viðgerða- og breytingavinna. Náminu lýkur með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Meðalnámstími er fjögur ár, þ.e. þrjú og hálft ár að loknu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina. Þar af eru 5 annir í skóla (þ.e. 1 önn í grunnnámi og 4 annir í sérnámi) og 72 vikna starfsþjálfun í fyrirtæki.

Áfangar í húsasmíði á verknámsbraut (78 ein. eftir að 22 ein. á GMB er lokið, alls 100 ein.)

Almennar greinar (24 ein.)

Íslenska	ÍSL 102, 202	4 ein.
Stærðfræði	STÆ 102, 122	4 ein.
Enska og danska*	DAN 102	2 ein.
	ENS 102	2 ein.
	+ 4 ein. í ensku eða dönsku*	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR 102, 202 + 1 ein.	5 ein.

Sérgreinar (76 ein.)

Áætlanir og gæðastjórnun	ÁGS 102	2 ein.
Efnisfræði grunnnáms	EFG 103	3 ein.
Framkvæmdir og vinnuvernd	FRV 103	3 ein.
Gluggar og útihurðir	GLU 104	4 ein.
Grunnteikning	GRT 103, 203	6 ein.
Húsaviðgerðir og breytingar	HÚB 102	2 ein.
Inniklæðningar	INK 102	2 ein.
Innréttingar	INR 106	6 ein.
Lokaverkefni í húsasmíði	LHÚ 104	4 ein.
Steinsteypuvirki - húsasmíði	SVH 102	2 ein.
Teikningar og verklýsingar í húsasmíði	TEH 103, 203, 303	9 ein.
Timburhús	TIH 10A	10 ein.
Trésmíði	TRÉ 109	9 ein.
Tréstigar	TRS 102	2 ein.
Tölvustýrðar trésmíðavélar	TST 101	1 ein.
Útveggjaklæðningar - húsasmíði	ÚVH 102	2 ein.
Verktækni grunnnáms	VTG 106**	6 ein.
Véltrésmíði	VTS 103	3 ein.

* Í stað dönsku má taka norsku eða sænsku.

** Ef nemandi hefur náð 20 ára aldri þegar hann hefur nám á brautinni má hann sleppa áfanganum VTG106.

Starfstengdar námsbrautir aðrar en iðn- og verknámsbrautir

Starfsnámsbrautir (aðrar en iðnbrautir og 1. stigs vélstjóranám) við Fjölbrautaskóla Vesturlands eru: sjúkraliðabraut (SJ), tölvufræðibraut (TFB) og viðskiptabraut (VI).

Nemandi sem innritast á starfsnámsbraut skal hafa lokið námi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og útskrifast með einkunn 5 eða hærri í íslensku og stærðfræði. Nemandi sem ekki uppfyllir þessi skilyrði getur öðlast rétt til að hefja nám á starfsnámsbrautum með því að ljúka fyrst almennri námsbraut við skólann.

Á sumum starfsnámsbrautum er aðeins unnt að taka við takmörkuðum nemendafjölda. Ef ekki er hægt að veita inngöngu öllum umsækjendum sem uppfylla ofangreind inntökuskilyrði þá er höfð hliðsjón af einkunn fyrir ástundun eða skólasókn, og námsárangur í öðrum greinum þar sem það á við, þegar valið er milli umsækjenda.

Nemandi sem hefur lokið sjúkraliðabraut eða tölvufræðibraut getur bætt við sig námi til stúdentsprófs í samræmi við ákvæði um viðbótarnám til stúdentsprófs eftir þriggja til fjögurra ára starfsnám. Nemandi sem hefur lokið námi á viðskiptabraut getur bætt við sig viðbótarnámi til stúdentsprófs í samræmi við ákvæði um viðbótarnám til stúdentsprófs eftir tveggja til þriggja ára starfsnám.

Kennsla í sérgreinum einstakra starfstengdra námsbrauta er háð því að nægilega margir nemendur séu innritaðir á þær og sum ár kann kennsla í einhverjum greinum að falla niður. Nemendum sem hyggja á nám á einhverri þeirra námsbrauta sem hér voru taldar er bent á að hafa samband við skólastjórnendur eða námsráðgjafa til að fá upplýsingar um hvort og þá hvenær sérgreinar brautarinnar verða í boði.

Sjúkraliðabraut (SJ)

Markmið brautarinnar er að veita nemendum fræðilegan grunn og faglega verkþjálfun til þess að starfa á sjúkrastofnunum sem löggiltir sjúkraliðar. Meðalnámstími er sex annir í skóla og 16 vikna starfsþjálfun á sjúkrastofnun undir leiðsögn. Starfið er löggilt á grundvelli reglugerðar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Áfangar á sjúkraliðabraut (120 ein.)

Almennar greinar (25 ein.)

Íslenska	ÍSL	102, 202	4 ein.
Enska og danska*	DAN	102	2 ein.
	ENS	102	2 ein.
	+ 4 ein. í ensku eða dönsku		4 ein.
Lífsleikni	LKN	103	3 ein.
Stærðfræði	STÆ	102 + 2 ein.	4 ein.
Íþróttir	ÍÞR	102, 202 + 2 ein.	6 ein.

Sérgreinar (64 ein.)

Félagsfræði	FÉL	103	3 ein.
Heilbrigðisfræði	HBF	103	3 ein.
Hjúkrunarfræði, bókl.	HJÚ	103, 203, 303, 403, 503	15 ein.
Hjúkrunarfræði, verkl.	HJV	103	3 ein.
Líffæra- og lífeðlisfræði	LOL	103, 203	6 ein.
Líkamsbeiting	LÍB	101	1 ein.
Lyfjafræði	LYF	103	3 ein.
Náttúruvísindi	NÁT	103, 123	6 ein.
Næringarfræði	NÆR	103	3 ein.
Samskipti	SAM	103	3 ein.
Sálfræði	SÁL	103	3 ein.
Siðfræði	SIÐ	102	2 ein.
Sjúkdómafræði	SJÚ	103, 203	6 ein.
Skyndihjálp	SKY	101	1 ein.
Sýklafræði	SÝK	103**	3 ein.
Upplýsingatækni	UTN	103	3 ein.

Vinnustaðanám (15 ein.)

Vinnustaðanám	VIN	105, 205, 305	15 ein.
---------------	-----	---------------	---------

Starfsþjálfun í 16 vikur (16 ein.)

* Í stað dönsku má taka norsku eða sænsku.

** Í stað SÝK103 má taka LÍF283.

Tölvufræðibraut (TFB)

Meginmarkmið brautarinnar er að nemendur öðlist haldgóða þekkingu á flestum sviðum tölvutækninnar sem nýtist þeim í tölvutengdum störfum. Í þessu felst að nemendur geti starfað sjálfstætt við tölvur, geti þjónustað tölvur og notendur þeirra, hafi góða þekkingu á tölvusamskiptum, geti starfað við forritun, þekki uppbyggingu og virkni tölvunnar, geti nýtt sér tölvutæknina við úrvinnslu og framsetningu upplýsinga og hafi sérþekkingu á tilteknum sviðum tölvutækninnar. Meðalnámstími er 6 annir.

Við Fjölbrautaskóla Vesturlands er aðeins hægt að ljúka fjórum öðrum af sex, þ.e. þeim áföngum sem hér eru taldir sem almennar greinar og sameiginlegar sérgreinar.

Námskrá fyrir tölvufræðibraut er í endurskoðun. Listinn yfir áfanga hér fyrir neðan getur því breyst.

Áfangar á tölvufræðibraut (108 ein.)

Almennar greinar (41 ein.)

Íslenska	ÍSL	102, 202, 212	6 ein.
Enska	ENS	102, 202, 212, 303	9 ein.
Danska*	DAN	102	2 ein.
Stærðfræði	STÆ	102, 122, 202, 303, 313	12 ein.
Lífsleikni	LKN	103	3 ein.
Náttúruvísindi	NÁT	123	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR	102, 202 + 2 ein.	6 ein.

Sameiginlegar sérgreinar (33 ein.)

Forritun	FOR	103, 203, 303	9 ein.
Gagnasafnsfræði	GSF	103	3 ein.
Heimasíðugerð	HTM	103	3 ein.
Tölvufræði	TÖL	103, 123, 133	9 ein.
Tölvutækni	TÆK	103, 203	6 ein.
Netstýrikerfi og netfræði	NET	103	3 ein.

Sérhæfing (Nemendur velji minnst 34 ein.)

Forritun	FOR	403, 503, 603, 703	12 ein.
Tölvunarfræði	KER	103	3 ein.
Vefsmíðar	VEF	103, 203, 303	9 ein.
Lokaverkefni	LOK	103, 203, 303	9 ein.
Netfræði	CNA	103, 203, 303, 403	12 ein.
	NET	203, 213	6 ein.
Gagnasafnsfræði	GSF	203, 303	6 ein.

Skáletraðir áfangar eru ekki kenndir við Fjölbrautaskóla Vesturlands.

* Í stað dönsku má taka norsku eða sænsku.

Viðskiptabraut (VI)

Viðskiptabraut er ætlað að búa nemendur undir almenn skrifstofu- og verslunarstörf. Námi á brautinni lýkur með verslunarprófi. Meðalnámstími er 4 annir.

Áfangar á viðskiptabraut (70 ein.)

Almennar greinar (30 ein.)

Íslenska	ÍSL	102, 202, 212, 303	9 ein.
Enska og danska*	DAN	102	2 ein.
	ENS	102	2 ein.
	+ 4 ein. í ensku eða dönsku*		4 ein.
Lífsleikni	LKN	103	3 ein.
Stærðfræði	STÆ	102, 122, 262	6 ein.
Íþróttir	ÍÞR	102, 202	4 ein.

Sérgreinar (32 ein.)

Bókfærsla	BÓK	103, 203	6 ein.
Félagsfræði	FÉL	103	3 ein.
Hagfræði	HAG	103, 113, 203	9 ein.
Hagnýt verslunarstörf	HAV	102	2 ein.
Saga	SAG	103	3 ein.
Upplýsingatækni	UTN	103, 203	6 ein.
Viðskiptalögfræði	VIÐ	143	3 ein.

Frjálst val nemanda (8 ein.)

* Í stað dönsku má taka norsku eða sænsku.

Listnámsbraut (LN)

Nemandi sem innritast á listnámsbraut skal hafa lokið námi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og útskrifast með einkunn 5 eða hærrí í íslensku og stærðfræði. Nemandi þarf að hafa lagt stund á listnám í grunnskóla eða sérskóla eða geta sýnt með öðrum hætti að námið henti honum.

Nemandi sem ekki uppfyllir skilyrði um lágmarkseinkunn í íslensku og stærðfræði getur öðlast rétt til að hefja nám á listnámsbraut með því að ljúka fyrst almennri námsbraut við skólann.

Nemandi sem hefur lokið listnámsbraut getur bætt við sig viðbótarnámi til stúdentsprófs.

Kennsla í sérgreinum listnámsbrautar, þ.e. áföngunum LIM103, LIM113 og LIM203, er háð því að nægilega margir nemendur séu innritaðir í þá. Nemendum sem hyggja á nám á listnámsbraut er bent á að hafa samband við skólastjórnendur eða námsráðgjafa til að fá upplýsingar um hvort og þá hvenær þessir áfangar verða í boði.

Með námi á listnámsbraut er lagður grunnur að frekara námi í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi. Listnámsbraut er skipulögð sem þriggja ára námsbraut en nemendur, sem þess óska, geta bætt við sig einum í bóklegum greinum og aflað sér þannig almennari réttinda til náms á háskólastigi.

Áfangar á listnámsbraut (105 ein.)

Kjarni (51 ein.)

Íslenska	ÍSL	103, 203, 303	9 ein.
Stærðfræði	STÆ	103	3 ein.
Erlend tungumál			12 ein.
Enska	ENS	103 203	
Danska*	DAN	103 203	
Samfélagsgreinar			6 ein.
Félagsfræði	FÉL	103	
Saga	SAG	103	
Listir og menning	LIM	103, 113, 203	9 ein.
Lífsleikni	LKN	103	3 ein.
Náttúruvísindi	NÁT	103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR	102, 202 + 2 ein.	6 ein.

Kjörsvið (45 ein.)

Kjörsvið felur í sér sérhæfingu í listgreinum í samræmi við markmið brautarinnar. Á Akranesi er hægt að stunda tónlistarnám við Tónlistarskóla Akraness og fá það metið sem kjörsvið á listnámsbraut.

Tvær leiðir eru til að ljúka tónlistarkjörsviði listnámsbrautar. Í báðum tilfellum þarf að ljúka framhaldsprófi í tónfræðagreinum samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Nemandi, sem leikur á eitt aðalhljóðfæri, skal ljúka framhaldsprófi að fullu, samkvæmt viðeigandi greinanámskrá. Nemendur, sem leika á tvö hljóðfæri, geta lokið tónlistarkjörsviði listnámsbrautar hafi þeir lokið miðprófi á bæði hljóðfærin. Námið jafngildir 45 einingum hvor leiðin sem farin er.

Frjálst val nemanda (9 ein.)

Nemandi velur 9 einingar af námsframboði viðkomandi skóla. Skóla er einnig heimilt að meta sem frjálst val nám sem nemandi hefur tekið í öðrum skólum.

* Í stað dönsku má taka norsku eða sænsku.

Starfsbraut (ST1 og ST3)

Ýmsar upplýsingar um námið má finna á vef starfsbrautar: <http://www.fva.is/~starfsbraut/>

Starfsbraut er ætluð nemendum með almenna námsörðugleika og nemendum sem hafa notið verulegrar sérkennslu í grunnskóla, verið í sérdeild eða í sérskóla (sbr. 34. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla, með vísun til 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra).

Nám á starfsbraut er áætlað fjögur námsár en nemandi getur útskrifast eftir tvö námsár, kjósi hann það. Námið er skipulagt í áföngum þar sem fléttað er saman kjarnanámi í skóla og verknámi. Verknámið fer fram, eftir aðstæðum, innan skólans eða í atvinnulífinu.

Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaðar námsáætlanir og getur því nemandi lagt stund á námsáfanga á starfsbraut og á almennum námsbrautum framhaldsskóla, allt eftir möguleikum hvers og eins og aðstæðum í skólanum hverju sinni.

Markmið

Markmið náms og kennslu á starfsbraut eru að nemandi:

- Fá einstaklingsmiðuð námstækifæri.
- Auki sjálfstraust sitt, sjálfstæði og samskiptahæfni til daglegra athafna.
- Efli hæfileika sína og færni til að takast á við viðfangsefni daglegs lífs.
- Auki möguleika sína til áframhaldandi náms við hæfi.
- Fá tækifæri til þess að takast á við verkefni í samræmi við eigin færni og hæfileika.
- Fá tækifæri til að stunda nám með ófötluum nemendum eins og kostur er, meðal annars til þess að auka félagsleg samskipti ólíkra nemendahópa.
- Fá tækifæri til að tengja saman nám og starfsþjálfun sína í skóla og á vinnustað eins og kostur er.
- Þjálfu vinnufærni sína.
- Fá aukin tækifæri til að komast út á vinnumarkað að loknu námi.

Skipan náms

Nám á starfsbraut er áætlað fjögur námssár og skiptast námgreinar í einingabæra áfanga. Einingar á starfsbraut eru einkum hafðar til viðmiðunar um hlutfallslegt vægi einstakra námsþátta í deildinni. Umfang námsins og kennslustundafjöldi nemandans á viku tekur mið af stöðu hans í námi.

Á starfsbraut er námið bæði bóklegt og verklegt:

Bóklegt nám: Mikilvægt er að veita nemendum starfsbrautar kennslu og stuðning sem þeir þurfa á að halda og tök eru á að veita ýmist með því að bjóða fram nám á starfsbraut eða veita þeim einstaklingsstuðning á námsbrautum framhaldsskólans. Huga þarf að námsmarkmiðum nemandans og möguleikum hans til þess að taka einstaka áfanga af öðrum námsbrautum skólans. Í sumum tilvikum geta starfsbrautarnemar numið almenna áfanga á eigin forsendum og fengið þá metna sem áfanga á starfsbraut.

Mikilvægt er að forráðamenn nemandans, ásamt umsjónarkennara, námsráðgjafa og/eða stuðningsfulltrúa komi að skipulagi námsins með nemandanum.

Verklegt nám: Mikilvægt er að skipuleggja verklegt nám nemandans eins og kostur er út frá þeim markmiðum sem skilgreind eru fyrir hvern einstakling. Verknám getur falið í sér verklega áfanga innan skólans og/eða starfsþjálfun á vinnustað. Starfsþjálfunin er fölginn í skilgreindum viðfangsefnum sem valin eru í samræmi við getu og áhuga nemandans og í samvinnu við atvinnulíf og miða meðal annars að því að efla færni nemandans við afmörkuð störf eða starfsþætti.

Við skipulagningu námsins skal taka mið af óskum, áhugasviði og þörfum nemandans, náms- og félagslegri stöðu, óskum og álitum foreldra ásamt þeim möguleikum sem umhverfið býður upp á hverju sinni varðandi störf, tómstundir og fleira.

Í séráföngum brautarinnar er nemendum kennt í litlum hópum. Þeir nemendur sem ekki geta nýtt sér hópkenndu fá einstaklingskennslu eftir því sem aðstæður leyfa.

Liðveisla

Til að auðvelda nemendum á starfsbraut þátttöku í félagslífi skólans hefur reynst vel að ráða áhugasama ófatlaða nemendur til að aðstoða þá. Þessi starfsemi hefur fram til þessa verið í samvinnu við liðveislu Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra og sveitarfélög viðkomandi nemenda.

Námsmat

Nemendur á starfsbraut fylgja kennsluáætlunum sem eru skipulagðar fyrir hvern og einn sérstaklega. Í upphafi eru sett fram einstaklingsmiðuð markmið sem byggjast á óskum og þörfum nemandans, námsferli hans og möguleikum skólans. Þessar áætlanir eru teknar til reglulegrar endurskoðunar á námstímanum og ný markmið sett ef á þarf að halda. Umsögn að loknu námi byggist í aðalatriðum á einstaklingsmati.

Námsmat í sérdeildum byggist á þeim markmiðum sem sett eru fram í hverjum áfanga og þeim kennslu-aðferðum sem beitt hefur verið. Námsmat á að miðast við sem flesta þætti náms og kennslu. Gert er ráð fyrir því að nemandinn fái umsögn um stöðu sína og almennar framfarir í námi.

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs

Bóknámsbrautir við Fjölbrautaskóla Vesturlands eru: Félagsfræðabraut (FÉ); málabraut (MB); náttúrufræðibraut (NÁ). Einnig er hægt að ljúka stúdentsprófi með viðbótarnámi eftir nám á öðrum námsbrautum.

Nemandi sem innritast á bóknámsbraut skal hafa lokið námi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og útskrifast með einkunnir sem eru að lágmarki eins og taflan sýnir.

Heimilt er að veita nemendum sem hafa góða einkunn fyrir ástundun undanþágu þótt þeir hafi of lága einkunn í einni grein.

Nemandi sem ekki uppfyllir inntökuskilyrði á bóknámsbrautir til stúdentsprófs getur öðlast rétt til að hefja nám á þeim með því að ljúka fyrst almennri námsbraut við skólann og áföngum númer 102 eða 103 í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði eða almenri námsbraut - tæknilínu.

	danska	enska	íslenska	stærðfræði	náttúrufræði	samfélagsfræði
félagsfræðabraut	5	6	6	5	5	6
málabraut	6	6	6	5	5	5
náttúrufræðibraut	5	5	6	6	6	5

Ekki eru formleg inntökuskilyrði í viðbótarnám til stúdentsprófs eftir starfsnám.

Stúdentspróf af bóknámsbraut veitir rétt til að hefja háskólanám í fjölmörgum greinum. Einstakir háskólar og háskóladeildir setja þó skilyrði um samsetningu náms. Nemendum er bent á að kynna sér vel inntökuskilyrði í háskólanám sem þeir hyggjast stunda að loknu stúdentsprófi.

Um val milli bóklegra greina

Á bóknámsbrautunum er val nemenda 18 einingar. Þar af verða 9 einingar að vera í bóklegum greinum sem eru bókfærsla, danska, eðlisfræði, efnafræði, enska, félagsfræði, franska, hagfræði, heimspeki, íslenska, jarðfræði, landafræði, líffræði, saga, sálfræði, stærðfræði, tölvufræði, uppeldisfræði, upplýsingatækni, viðskiptafræði og þýska.

Félagsfræðabraut (FÉ)

Félagsfræðabraut er ætlað að veita nemendum góða og almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á samfélagsgreinar. Brautin býr nemendur undir framhaldsnám í háskóla, einkum á sviði félagsvísinda. Nám á félagsfræðabraut tekur að jafnaði 8 annir.

Áfangar á félagsfræðabraut (140 ein.)

Íslenska	ÍSL 103, 203, 303, 403, 503	15 ein.
Stærðfræði	STÆ 103, 203, 313	9 ein.
Erlend tungumál		
Danska*	DAN 103, 203	6 ein.
Enska	ENS 103, 203, 303, 403, 503	15 ein.
3. erl. mál	103, 203, 303, 403	12 ein.
Samfélagsgreinar		
Félagsfræði	FÉL 103, 203	6 ein.
Landafræði	LAN 103	3 ein.
Saga	SAG 103, 203, 303 + 3 ein.	12 ein.
Sálfræði	SÁL 103	3 ein.
Uppeldisfræði	UPP 103	3 ein.
	+ 3 ein. í SÁL eða UPP	3 ein.
Viðskiptagreinar**	HAG 113 + 3 ein.	6 ein.
Val í samfélagsgreinum***	+ 3 ein.	3 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Náttúruvísindi	NÁT 103, 113, 123	9 ein.
Tölvufræði eða upplýsingatækni	+ 3 ein.	3 ein.
Listgrein eða handverk	+ 3 ein.	3 ein.
Val milli bóklegra greina****	+ 9 ein.	9 ein.
Frjálst val	+ 9 ein.	9 ein.
Íþróttir	ÍÞR 102, 202 + 4 ein.	8 ein.

* Í stað dönsku má taka norsku eða sænsku.

** Viðskiptagreinar eru bókfærsla, hagfræði og viðskiptafræði.

*** Val í samfélagsgreinum er val milli eftirtalinna námsgreina: bókfærsla, félagsfræði, hagfræði, heimspeki, saga, sálfræði, uppeldisfræði og viðskiptafræði.

**** Val milli bóklegra greina er samtals 9 einingar í einhverjum eftirtalinna námsgreina: bókfærsla, danska, eðlisfræði, efnafræði, enska, félagsfræði, franska, hagfræði, heimspeki, íslenska, jarðfræði, landafræði, líffræði, saga, sálfræði, stærðfræði, tölvufræði, uppeldisfræði, upplýsingatækni, viðskiptafræði og þýska.

Málabraut (MB)

Málabraut er ætlað að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á erlend tungumál. Brautin býr nemendur undir framhaldsnám í háskóla, einkum þar sem gerð er krafa um góða tungumálakunnáttu. Nám á málabraut tekur að jafnaði 8 annir.

Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla frá 1999 er skipan náms á málabraut á þessa leið. Þar sem fremur fáir nemendur eru að jafnaði skráðir á brautina getur skólinn ekki tryggt úrval áfanga á kjörsviði hennar. Nemendum er því bent á að hafa samband við skólastjórnendur eða námsráðgjafa og fá aðstoð við gerð námsáætlunar.

Áfangar á málabraut (140 ein.)

Kjarni (98 ein.)

Íslenska	ÍSL	103, 203, 303, 403, 503	15 ein.
Stærðfræði	STÆ	103, 203	6 ein.
Erlend tungumál			48 ein.
Enska	ENS	103, 203, 303, 403, 503	
Danska	DAN*	103, 203, 303	
3. erl. mál		103, 203, 303, 403, 503	
4. erl. mál		103, 203, 303	
Samfélagsgreinar			9 ein.
Félagsfræði	FÉL	103	
Saga	SAG	103, 203	
Lífsleikni	LKN	103	3 ein.
Náttúruvísindi	NÁT	103, 113, 123	9 ein.
Íþróttir	ÍÞR	102, 202 + 4 ein.	8 ein.

Kjörsviðsgreinar (30 ein.)

Kjörsviðsgreinar á málabraut eru: Danska, enska, franska, íslenska, stærðfræði, þýska. Framboð á kennslu í einstökum kjörsviðsgreinum er háð því hve margir velja þær. Nemendum er bent á að kynna sér áætlanir

Frjálst val nemanda (12 ein.)

* Í stað dönsku má taka norsku eða sænsku.

Tillaga um framtíðarskipan náms á málabraut (MB)

Fyrir liggur tillaga um að skipan náms á málabraut verði með eftirfarandi hætti þegar skólanámskrá verður löguð að nýtti aðalnámskrá.

Málabraut er ætlað að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á erlend tungumál. Brautin býr nemendur undir framhaldsnám í háskóla, einkum þar sem gerð er krafa um góða tungumálakunnáttu. Nám á málabraut tekur að jafnaði 8 annir.

Áfangar á málabraut (140 ein.)

Íslenska	ÍSL 103, 203, 303, 403, 503	15 ein.
Stærðfræði	STÆ 103, 203	6 ein.
Erlend tungumál		
Danska*	DAN 103, 203, 303	9 ein.
Enska	ENS 103, 203, 303, 403, 503	15 ein.
3. erl. mál	103, 203, 303, 403	12 ein.
4. erl. mál	103, 203, 303, 403	12 ein.
Samfélagsgreinar		
Félagsfræði	FÉL 103, 203	6 ein.
Landafræði	LAN 103	3 ein.
Saga	SAG 103, 203, 303 + 3 ein.	12 ein.
Sálfræði	SÁL 103	3 ein.
Uppeldisfræði	UPP 103	3 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Náttúruvísindi	NÁT 103, 113, 123	9 ein.
Tölvufræði eða upplýsingatækni	+ 3 ein.	3 ein.
Listgrein eða handverk	+ 3 ein.	3 ein.
Val milli bóklegra greina**	+ 9 ein.	9 ein.
Frjálst val	+ 9 ein.	9 ein.
Íþróttir	ÍÞR 102, 202 + 4 ein.	8 ein.

* Í stað dönsku má taka norsku eða sænsku.

** Val milli bóklegra greina er samtals 9 einingar í einhverjum eftirtalinna námsgreina: bókfærsla, danska, eðlisfræði, efnafræði, enska, félagsfræði, franska, hagfræði, heimspeki, íslenska, jarðfræði, landafræði, líffræði, saga, sálfræði, stærðfræði, tölvufræði, uppeldisfræði, upplýsingatækni, viðskiptafræði og þýska.

Náttúrufræðibraut (NÁ)

Náminu er ætlað að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á náttúruvísindi. Brautin býr nemendur m.a. undir framhaldsnám í háskóla í raunvísindum, stærðfræði, verkfræði og heilbrigðisgreinum. Nám á náttúrufræðibraut tekur að jafnaði 8 annir.

Áfangar á náttúrufræðibraut (140 ein.)

Íslenska	ÍSL 103, 203, 303, 403, 503	15 ein.
Stærðfræði	STÆ 103, 203, 303, 313, 403, 503 + 3 ein.	21 ein.
Erlend tungumál		
Danska*	DAN 103, 203	6 ein.
Enska	ENS 103, 203, 303, 403	12 ein.
3. erl. mál	103, 203, 303, 403	12 ein.
Samfélagsgreinar		
Félagsfræði	FÉL 103	3 ein.
Saga	SAG 103, 203	6 ein.
Sálfræði	SÁL 103	3 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Raungreinar		
Eðlisfræði	EÐL 103, 203	6 ein.
Efnafræði	EFN 103, 203, 303	9 ein.
Jarðfræði	JAR 103	3 ein.
Líffræði	LÍF 103, 203	6 ein.
Val í raungreinum**	+ 3 ein.	3 ein.
Tölvufræði eða		
upplýsingatækni	+ 3 ein.	3 ein.
Listgrein eða handverk	+ 3 ein.	3 ein.
Val milli bóklegra greina***	+ 9 ein.	9 ein.
Frjálst val	+ 9 ein.	9 ein.
Íþróttir	ÍÞR 102, 202 + 4 ein.	8 ein.

* Í stað dönsku má taka norsku eða sænsku.

** Val í raungreinum er val milli eftirtalinna námsgreina: eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffræði.

*** Val milli bóklegra greina er samtals 9 einingar í einhverjum eftirtalinna námsgreina: bókfærsla, danska, eðlisfræði, efnafræði, enska, félagsfræði, franska, hagfræði, heimspeki, íslenska, jarðfræði, landafræði, líffræði, saga, sálfræði, stærðfræði, tölvufræði, uppeldisfræði, upplýsingatækni, viðskiptafræði og þýska.

Viðbótarnám til stúdentsprófs eftir starfs- eða listnám

Nemendur sem ljúka skilgreindu starfsnámi á framhaldsskólastigi eiga kost á viðbótarnámi til undirbúningsnámi á háskólastigi. Slíku námi lýkur með stúdentsprófi.

Stúdentsprófið eitt og sér tryggir ekki aðgang að öllu námi á háskólastigi hvorki hér á landi né í öðrum löndum. Einstakir háskólar eða háskóladeildir setja ýmsar sérkröfur sem nemendur þurfa einnig að uppfylla og í sumum tilvikum þurfa nemendur að gangast undir inntökupróf. Það er því mikilvægt að nemendur sem stefna að inngöngu í tiltekinn skóla á háskólastigi afli sér upplýsinga um þær kröfur sem viðkomandi skóli gerir um undirbúning.

Tæknistúdentspróf fyrir nemendur sem hafa lokið þriggja til fjögurra ára starfsnámi

Tæknistúdentspróf jafngildir námi á frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík og veitir nemendum rétt til að hefja nám í tækni- og verkfræðigreinum við háskóla.

Til að ljúka stúdentsprófi af tæknibraut þurfa nemendur að ljúka iðnnámi (eða 3ja ára starfsnámi) og eftirtöldum áföngum (sem sumir eru e.t.v. hluti af starfsnáminu):

Bókfærsla	BÓK 103	3 ein.
Danska	DAN 103, 203	6 ein.
Eðlisfræði	EÐL 103, 203, 303	9 ein.
Efnafræði	EFN 103, 203, 303	9 ein.
Enska	ENS 103, 203, 303, 403	12 ein.
Íslenska	ÍSL 103, 203, 303, 403, 503	15 ein.
Náttúruvísindi	NÁT 123	3 ein.
Stærðfræði	STÆ 103, 203, 303, 403, 503, 523, 603, 703	24 ein.
Tölvufræði	TÖL 103	3 ein.
Upplýsingatækni	UTN 103	3 ein.

Viðbótarnám til stúdentsprófs (VSS) fyrir nemendur sem hafa lokið þriggja til fjögurra ára starfsnámi

Nemendur skulu hafa lokið starfsnámi að fullu, bæði námi í skóla og áskilinni starfsþjálfun á vinnustað. Þess er þó ekki krafist að nemendur í löggiltum iðngreinum hafi lokið sveinsprófi. Viðbótarnámið geta nemendur:

- Skipulagt sjálfir miðað við skilgreind markmið um áframhaldandi nám á háskólastigi, eða
- Lokið námi í eftirtöldum greinum þannig að heildarnám þeirra verði eins og tilgreint er hér að neðan.
(Dæmi: Nemandi hefur lokið 6 einingum í íslensku sem hluta af starfsnáminu. Hann skal þá bæta við sig 9 einingum í íslensku.)

Íslenska 15 einingar
Enska 12 einingar
Stærðfræði 6 einingar

Til viðbótar við þetta skulu nemendur ljúka 12 einingum í einum eftirtalinna greinaflokka:

tungumálum;
raungreinum og stærðfræði;
samfélagsgreinum.

Þetta 12 eininga nám skal skipulagt þannig að heildarnám í grein verði ekki minna en 9 einingar samtals. Stærðfræði er þó undanskilin frá 9 eininga reglunni. (Dæmi: Nemandi hefur lokið 12 einingum í ensku og 3 einingum í dönsku sem hluta af starfsnámi. Hann getur bætt við sig 6 einingum í ensku og 6 einingum í dönsku. Hins vegar gengur ekki að bæta við 9 einingum í ensku og 3 í dönsku því þá verður heildarnám í dönsku aðeins 6 einingar. Það gengur heldur ekki að bæta við 6 einingum í dönsku og 6 í stærðfræði því danska og stærðfræði tilheyra ekki sama greinaflokki.)

Nemendum er bent á að þótt þeir ljúki námi samkvæmt því sem segir í b-lið er mikilvægt að þeir kynni sér sérkröfur þess háskóla sem þeir óska að stunda nám við og skipuleggi viðbótarnámið í samræmi við þær.

Viðbótarnám til stúdentsprófs (VSS) fyrir nemendur sem lokið hafa tveggja til þriggja ára starfsnámi

Nemendur skulu hafa lokið starfsnámi að fullu, bæði námi í skóla og áskilinni starfsþjálfun á vinnustað. Þess er þó ekki krafist að nemendur í löggiltum iðngreinum hafi lokið sveinsprófi. Til viðbótar við starfsnámið skulu nemendur ljúka námi í eftirtöldum greinum þannig að heildarnám þeirra verði eins og tilgreint er hér að neðan. (Dæmi: Nemandi hefur lokið 4 einingum í íslensku sem hluta af starfsnáminu. Hann skal þá bæta við sig 11 einingum í íslensku.)

Íslenska 15 ein.

Enska 15 ein.

Stærðfræði 6 ein.

Raungreinar 9 ein.

Saga 6 ein.

Íþróttir 8 ein.

Til viðbótar við þetta skulu nemendur ljúka

- a. 12 einingum í þriðja tungumáli eða 12 einingum í stærðfræði.
- b. 15 einingum í samfélagsgreinum eða 15 einingum í náttúrufræðigreinum eða 15 einingum í íþróttagreinum.

Þetta 27 eininga nám skal skipulagt þannig að heildarnám í grein verði ekki minna en 9 einingar samtals. Stærðfræði og saga eru þó undanskildar frá 9 eininga reglunni. (Dæmi: Nemandi hefur lokið 3 einingum í félagsfræði sem hluta af starfsnámi. Hann getur lokið b-lið með 6 einingum í félagsfræði og 9 einingum í sálfræði og verið þannig kominn með 9 einingar í hvoru fagi.)

Nemendum er bent á að þótt þeir ljúki námi samkvæmt því sem segir í b-lið er mikilvægt að þeir kynni sér sérkröfur þess háskóla sem þeir óska að stunda nám við og skipuleggi viðbótarnámið í samræmi við þær.

Nám til stúdentsprófs fyrir nemendur sem lokið hafa starfsnámi sem er styttra en 2 ár

Ef nemandi sem lokið hefur starfsnámi sem er styttra en 2 ár innritast á bóknámsbraut til stúdentsprófs getur hann fengið sérnám metið til allt að 12 eininga á kjörsviði viðkomandi bóknámsbrautar.

Sérgreinar á starfstengdum námsbrautum eru metnar sem hluti af frjálsu vali á bóknámsbrautum til stúdentsprófs.

Viðaukar

Viðauki 1: Listi yfir þriggja til fjögurra ára og tveggja til þriggja ára list- og starfsmenntabrautir

Eftirtaldar námsbrautir teljast vera þriggja til fjögurra ára list- eða starfsnám:

- Listnám
 - Listnámsbraut (LN)
- Bygginga- og mannvirkjagreinar:
 - Húsasmíði (HÚ8) – iðnnám á verknámsbraut
 - Húsasmíði (HÚ9) – samningsbundið iðnnám
 - Húsgagnabólstrun (HB9) – samningsbundið iðnnám
 - Húsgagnasmíði (HS8) – iðnnám á verknámsbraut
 - Húsgagnasmíði (HS9) – samningsbundið iðnnám
 - Málaraiðn (MÁ9) – samningsbundið iðnnám
 - Múraraíðn (MR8) – iðnnám á verknámsbraut
 - Múraraíðn (MR9) – samningsbundið iðnnám
 - Pípulagnir (PL9) – samningsbundið iðnnám
 - Veggfóðrun og dúklagnir (VD9) – samningsbundið iðnnám
- Farartækja- og flutningsgreinar:
 - Bifreiðasmíði (BS8) – iðnnám á verknámsbraut
 - Bifvélavirkjun (BV8) – iðnnám á verknámsbraut
 - Bílamálun (BM8) – iðnnám á verknámsbraut
- Heilbrigðis- og félagsgreinar:
 - Lyfjatæknaþbraut (LT)
 - Nuddnám (NN)
 - Sjúkraliðabraut (SJ)
 - Tannsmíði (TS)
- Hönnunar- og handverksgreinar:
 - Gull- og silfursmíði (GS9) – samningsbundið iðnnám
 - Kjólasaumur (KJ8) – iðnnám á verknámsbraut
 - Klæðskurður (KL8) – iðnnám á verknámsbraut
 - Skósmíði (SÐ9)
 - Söðlasmíði (SÖ9) – samningsbundið iðnnám
- Matvæla- og veitingagreinar:
 - Bakaraiðn (BA9) – samningsbundið iðnnám
 - Framreiðsla (FR9) – samningsbundið iðnnám
 - Kjötíðn (KÖ9) – samningsbundið iðnnám
 - Matreiðsla (MA9) – samningsbundið iðnnám
 - Matartæknaþbraut (MT)
 - Mjólkuriðn (MJ)
- Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar:
 - Blikksmíði (BL8) – iðnnám á verknámsbraut
 - Rennismíði (RS8) – iðnnám á verknámsbraut
 - Stálsmíði (SM8) – iðnnám á verknámsbraut
 - Vélvirkjun (VS8) – iðnnám á verknámsbraut
 - Netagerð (NG9) – samningsbundið iðnnám
- Rafiðngreinar:
 - Rafeindavirkjun (RE8) – iðnnám á verknámsbraut
 - Rafvélavirkjun (RV8) – iðnnám á verknámsbraut
 - Rafvélavirkjun (RV9) – samningsbundið iðnnám
 - Rafvirkjun (RK8) – iðnnám á verknámsbraut
 - Rafvirkjun (RK9) – samningsbundið iðnnám
 - Símsmíði (SS9) – samningsbundið iðnnám
- Sjávarútvegs- og siglingagreinar:
 - Skipstjórnarbraut 2. stig (SK2)
 - Skipstjórnarbraut 3. stig (SK3)
 - Vélstjórnarbraut 3. stig (VV3)
 - Vélstjórnarbraut 4. stig (VV4)
- Snyrtigreinar:
 - Hársnyrtiðn (HG9) – samningsbundið iðnnám
 - Snyrtifræði (SN8) – iðnnám á verknámsbraut

- Tölvu- og tækninám:
 - Tölvufræðibraut (TFB)
- Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar:
 - Bókasafnstækni (BT)
 - Bókband (BÓ8) – iðnnám á verknámsbraut
 - Fjölmiðlataækni (FM)
 - Grafísk miðlun (prentsmíð) (PS8) – iðnnám á verknámsbraut
 - Ljósmyndun (LM8) – iðnnám á verknámsbraut
 - Netækní (NT)
 - Prentun (PR8) – iðnnám á verknámsbraut
 - Vefækní (VT)

Eftirtaldar námsbrautir teljast vera tveggja til þriggja ára list- eða starfsnám:

- Heilbrigðis- og félagsgreinar:
 - Félagsliðanám (FL)
 - Hjúkrunar- og móttökuritarabraut (HM)
 - Tanntæknabraut (TÆ)
- Hönnunar- og handverksgreinar:
 - Tækniteiknun (TT)
 - Útstillingabraut (ÚTS)
- Landbúnaðargreinar
 - Búnaðarnám til búfræðiprófs (9 eininga nám í raungreinum telst innifalið tveggja ára búnaðarnámi á Hvanneyri).
- Matvæla- og veitingagreinar:
 - Slátrun (SL)
- Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar:
 - Grunn nám málmiðngreina (MG)
 - Málmstöð (MÐ9) – samningsbundið iðnnám
- Sjávarútvegs- og siglingagreinar:
 - Skipstjórnarbraut 1. stig (SK1)
 - Vélstjórnarbraut 2. stig (VV2)
- Uppeldis- og tómstundanám:
 - Félagsmála- og tómstundabraut (FT)
 - Íþróttabraut (ÍÞ)
 - Nám fyrir stuðningsfulltrúa (SG)
 - Nám fyrir leiðbeinendur í leikskólum (LL)
- Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar:
 - Grunn nám að viðbættu sérnámi
- Verslunar- og viðskiptanám:
 - Viðskiptabraut (VI)

Viðauki 2: Um meðferð heimilda

Mjög áriðandi er að virða nokkrar grundvallarreglur við gerð hvers konar heimildaritgerða. Sömu reglur eiga við þó að úrlausn sé skilað í öðru formi svo sem í fyrirlestri eða á vefsíðum.

Það er *algerlega bannað að stela texta einhvers annars* og gera að sínum. Sá sem les ritgerðina á aldrei að vera í vafa um hver hafi samið textann eða hvort einstakir hlutar eru eftir ritgerðarsmiðinn eða teknir upp eftir einhverri heimild. Ritgerðarsmiður þarf að venja sig á að gera skýran greinarmun á eigin orðum og annarra. Þetta getur verið talsverð list en hana verða allir að tileinka sér sem hyggja t.d. á frekara nám eftir framhaldsskóla. - Hér er rétt að minna á að það er oft auðvelt fyrir kennara að rekja hvaðan texta hefur verið stolið.

Fyrst verður fólk að gera sér grein fyrir merkingu tveggja hugtaka:

Tilvitnun: Eitthvað er tekið upp eftir annarri heimild.

Tilvísun: Upplýsingar sem fylgja tilvitnun og greina frá hvaðan efnið er fengið.

Tilvitnanir skiptast í tvo flokka:

Bein tilvitnun er það nefnt þegar eitthvað er tekið orðrétt upp eftir heimild. Beinar tilvitnanir þarf að auðkenna með gæsalöppum eða afmarka textann á annan hátt. Þegar tilvitnun er auðkennd með tilvitnanamerkjum má engu breyta í orðalagi. Þó má stytta textann eða fella úr honum ef það er sýnt með sérstökum úrfellingamerkjum, t.d. þrem punktum.

Óbein tilvitnun nefnist það þegar efni er endursagt nákvæmlega en með breyttu orðalagi. Stundum er þá heimildin kynnt í leiðinni.

Tilvísanir

Á eftir hverri beinni *tilvitnun* þarf að fylgja *tilvísun*, þ.e. upplýsingar um það hvaðan tilvitnun er tekin en frágangur þeirra getur verið svolítið mismunandi. Nefna má þrenns konar afbrigði:

1. (Heimild og blaðsíðutal)

Þessi háttur er hafður ef ritið er t.d. eftir marga höfunda.

Dæmi: *Íslenska Alfræðibókin*, III bindi, bls. 121.

2. (Höfundur, Titill, blaðsíðutal)

Dæmi: Þórbergur Þórðarson: *Íslenskur aðall*, bls. 27.

Þessi aðferð er m.a. algeng íslenskum sagnfræðiritum en ef hið tilvitnaða rit er tímaritsgrein er titill hennar hafður innan gæsalappa.

3. (Höfundur, útgáfuár, blaðsíðutal.)

Dæmi: (Michel Foucault, 2003, s. 80)

Þetta er sá háttur sem yfirleitt er mælt með í handbókum og hentar bæði við greinar og heilar bækur. Þetta fyrirkomulag er stundum nefnt APA-kerfið og er m.a. algengast í ritum um félagsvísindi.

Tilvísanir skv. APA kerfinu eru jafnan hafðar í sviga inni í texta. Hinar fyrrnefndu 1 og 2, eru oftast hafðar *neðanmáls* (*footnotes* í Word) en það er þó breytilegt, sumir hafa sérstaka *tilvísanaskrá* aftast (*endnotes* í Word).

Nemendur verða að sætta sig við að innan einstakra námsgreina geta ríkt mismunandi kröfur um frágang en í rauninni skiptir ekki miklu máli hvaða fyrirkomulag þeir nota hverju sinni. *Aðalatriðið er að gæta samræmis og sýna að maður skilji og virði þá reglu að vísa til heimilda.*

Þessar tilvísanir eiga að duga til að hægt sé að finna frekari upplýsingar um heimildirnar sjálfar í sérstakri *heimildaskrá* aftast í ritgerðinni.

Dæmi (tilvísun sýnd innan sviga):

Bein tilvitnun:

„Á Íslandi hafa orðið yfir 200 eldgos síðan land byggðist.“ (Gunnar Karlsson, 2002, *Fornir tímar*, bls. 7.)

Óbein tilvitnun:

Hér á landi hafa orðið yfir 200 eldgos frá landnámi. (Gunnar Karlsson, 2002, *Fornir tímar*, bls. 7.)

Þarf tilvísun að fylgja hverri óbeinni tilvitnun?

Það getur verið talsvert snúið að vita hvenær þarf nauðsynlega að vísa til heimilda á eftir óbeinum tilvitnunum. Eðli málsins samkvæmt eru venjulega heimildaritgerðir að verulegu leyti samansettar úr óbeinum tilvitnunum, þ.e. endursögn upp úr heimildum. Þarf ritgerðarsmiður þá að setja tilvísun á eftir hverri málsgrein? *Svarið er vitanlega nei*, en hann þarf samt að vísa til heimilda öðru hvoru, t.d. þegar mikilvægar upplýsingar koma fram eða e.t.v. á eftir efnisgreinum. Þetta er eitt af því sem fólk þarf að læra smám saman.

Ekki hægt að gefa einfalda reglur um það hvenær þarf að hafa tilvísanir á eftir óbeinum tilvitnunum en segja má að þumalfingursregla sé að þegar upplýsingar eru mjög mikilvægar, einhver atriði geta orkað tvímælis eða eru umdeild, þá sé vissara að benda á heimildirnar.

Heimildaskrá

Venja er að hafa skrá um allar heimildir sem notaðar hafa verið, eða vísað hefur verið til, í lok ritsmíðar. Þar þurfa að koma fram mikilvægustu upplýsingar svo sem heiti höfundar og rits, útgáfustaður og útgáfuár.

Reglur geta þó verið dálítið mismunandi um það í hvaða röð upplýsingarnar koma fram, innan einstakra fræðigreina geta ríkt dálítið mismunandi hefðir. Þá er misjafnt hvort tilgreint er útgáfuforlag. *Prentsmiðju er ekki getið, né prentunarstaðar þó hann sé annar en útgáfustaður.*

Raða skal heimildum í stafrófsröð miðað við fyrsta staf í færslu. Venja er að hafa titil rits með breyttu lettri, t.d. skáletraðan. Ef höfundur er óþekktur eða höfundar margir er algengt að hafa titil fremstan, annars er byrjað á nafni höfundar. Ef höfundur er erlendur er byrjað á eftirnafni hans. Athugið að ritstjóri eða sá sem sá um útgáfu verks er ekki höfundur; að Sigurður Nordal sá um útgáfu Völuspár gerir hann ekki að höfundi í heimildaskrá.

Ýmsar handbækur um frágang ritsmíða geta komið að gagni hér og ritgerðarsmiður verður að vera reiðubúinn að leita sér upplýsinga þar.

Nokkur dæmi**Höfundur óþekktur:**

Laxdæla saga með formála, skýringum og skrám. 1999. Mál og menning. Reykjavík

Tímaritsgrein:

Heiti greinar innan gæsalappa, blaðsíðutal aftast.

Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir. 1999. „Heildstæð móðurmálskennsla.“ *Skíma*. Mál gagn móðurmálskennara. 1. tbl. 22. árg., bls. 7-12.

Erlend bók:

Erlendir höfundar eru skráðir eftir ættarnöfnum fyrst.

Gombrich, E.H. 1973. *The Story of Art*. Phaidon. London

Bók eftir tvo höfunda:

Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 2000. *Handbók um ritun og frágang* 6. útg. Íðunn. Reykjavík

Vefsíður eða gagnagrunnur á netinu:

„Primary source“. *Wikipedia*. http://en.wikipedia.org/wiki/Primary_source (Skoðað: 23.2.2011)

Heimildaskrá (dæmi)

Ásgeir S. Björnsson, Indriði Gíslason. 1982. *Ritgerðabókin*. Íðunn, Reykjavík.

Guðrún Eva Mínervudóttir. 2007. „Meðan ég lifði datt mér aldrei í hug að þrjóna.“ *Stína*: Tímarit um bókmenntir og listir, 2. árg. 2. hefti.

Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Lewis, Bernard. 2004. *The Crisis of Islam: Holy War and Unholy Terror*. London.

Stafsetningarorðabókin. 2006. Rit Íslenskrar málnefndar 15. Ritstjóri: Dóra Hafsteinsdóttir. JPV, Reykjavík.

Þorsteinn Helgason. „Hvaða heimildir eru til um Tyrkjaránið?“. *Vísindavefurinn* 28.3.2006. <http://visindavefur.is/?id=5738>. (Skoðað 23.2.2011).